



Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/691
komudagur 20.12.2006

Reykjavík 20.12.2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000 o.fl. (58 mál).

Frumvarpið snertir ekki með beinum hætti réttindi eða skyldur þeirra starfsmanna sem aðild eiga að aðildarfélagum ASÍ og eru því engar efnislegar athugasemdir gerðar við frumvarpið þó efni þess sé að líkindum umdeilt innan ASÍ líkt og víðar í samfélaginu.

Á það skal þó sérstaklega bent, að í c. lið, b.liðar 5.gr. og samsvarandi í 10.gr. frumvarpsins eru sett sérstök ákvæði um skilyrði áminninga og brottvikningar fréttamanna og blaðamanna. Í greinargerð kemur fram að reglurnar miði að því að útiloka, svo sem frekast er kostur, afskipti einstakra eigenda fjölmiðils af fréttaflutningi og annarri sjálfstæðri dagskrárgerð. Með þessum hætti er lögfest í raun, að uppsagnir fréttá- og blaðamanna skuli rökstuddar með formlegum hætti. Sú stefna samræmist þeirri stefnu ASÍ, að uppsagnir launafólks á Íslandi skuli almennt rökstuddar og hefur ASÍ ítrekað lagt til að samþykkt ILO nr. 158 verði tekin í gildi hér á landi. Ofangreint miðar því máli í rétta átt og hvetur ASÍ Alþingi til þess að vinna bráðan bug að því að samskonar ákvæði verði lögtekin hér á landi um allt launafólk.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 til 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/604
komudagur 6.12.2006

Reykjavík 6. Desember 2006

Efni: Umsögn Blaðamannafélags Ísland til laga um breytingar á útvarpslögum, samkeppnislögum og lögum um prentrétt.

Blaðamannafélag Íslands þakkar tækifærið til þess að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um breytingar á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, þ.e.fjölmiðlafrumvarpið svonefnda.

Félagið lagðist gegn fyrri fjölmiðlafrumvörpum og lögum sbr. m.a. ályktun fjölmenns aðalfundar félagsins vorið 2004. Í ályktuninni var m.a. hvatt til málefnalegrar umræðu í samfélaginu um eignarhald á fjölmiðlum með mögulega lagasetningu í huga.

Frumvarpið sem nú hefur litið dagsins ljós er mun betur úr garði gert en fyrri frumvörp og er lagt fram í kjölfar mikillar umræðu, vinnu nefnda og skýrslu þverpólítískrar nefndar. Það er því í raun ekki líku saman að jafna, þegar borin er saman aðferðafræðin sem og frumvarpið sjálft nú við fyrri frumvörp.

Blaðamannafélagið vill, eins og flest önnur samtök blaðamanna í Evrópu, tryggja að hér á landi sé fjölbreytni í efnistöðum og fjölmiðlafyrirtækjum, dreift eignarhald á fjölmiðlum, gæði í blaðamennsku og sjálfstæði á ritstjórnnum.

Í frumvarpinu kemur fram vilji til að ná þeim markmiðum. Þar eru þó einstök atriði sem BÍ gerir athugasemdir við.


Í fyrsta lagi nefnir BÍ ákvæði um gagnsæi á fjölmiðlamarkaði. BÍ er hlynnt því að eignarhald á fjölmiðlum verði gert aðgengilegt til þess að almenningur geti tekið afstöðu til miðlanna með það í huga. Því telur BÍ að ákvæðið um gagnsæi sé ekki nógu skýrt í frumvarpinu. Í e-lið ákvæðisins er kveðið á um að nafn einstaklings eða eigenda fjölmiðilsins skuli birt á heimasíðu útvarpsréttarnefndar – ásamt öðrum upplýsingum. Á hinn bóginn er ekki kveðið á um það að upplýst verði hvernig eignarhaldið skiptist nákvæmlega milli eiganda miðilsins. Ekki er heldur kveðið á um það að breytingar á eigendasamsetningunni skuli birtar hið fyrsta. Þetta telur BÍ mikilvægt að laga.

Í öðru lagi nefnir BÍ ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði. BÍ er því hlynnt að settar verði reglur sem hafi ritstjórnarlegt sjálfstæði að markmiði. Þannig megi koma í geg fyrir óeðlileg afskipti eigenda eða annarra hagsmunahópa af störfum blaðamanna.

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177

Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



STOFNAD 1897

Með því að kveða á um slíkar reglur í lögum er auk þess verið að ítreka vilja löggjafans til þess að styrkja fagleg markmið blaðamenskunnar.

BÍ hefur barist fyrir því í kjarasamningagerð á undanförunum árum að í samninga verði sett skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna. BÍ telur að blaðamenn þurfi að búa við ákveðið starfsöryggi. Blaðamennska er vandasamt starf og blaðamenn þurfa gjarnan að skrifa um mál sem snerta ýmsa hagsmuni. Þeir eiga ekki að þurfa að óttast starfsmissi þótt stigið sé á einhverjar tær. Með reglum um skriflegar ástæður uppsagnar blaðamanna væri hægt að auka starfsöryggi, sem og fagmennsku, stéttarinnar.

Í ákvæðunum um ritstjórnarlegt sjálfstæði í frumvarpinu er talað um að reglurnar skuli samdar í samráði við starfsmenn fréttastofu og starfsmannafélag þeirra. Í því frumvarpi sem lagt var fram sl. vetur var hins vegar talað um stéttarfélag, þar sem nú er starfsmannafélag. BÍ mótmælir þessum breytingum. Starfsmannafélög hafa haft allt annað hlutverk á fjölmiðlum og reyndar víðar en að gæta faglegra hagsmuna og grundvallarsjónarmiða. Fagfélag blaða- og fréttamanna, Blaðamannafélagið, gerir það hins vegar. Aðkoma fagfélags að reglunum er því mun líklegra til þess að styrkja reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði en hitt. Því er mjög mikilvægt að sett verði inn orðið: fagfélag í stað orðsins: stéttarfélag.

Í a- lið ákvæðanna um ritstjórnarlegt sjálfstæði er talað um stjórnendur fréttastofu og dagskrárstefnu í breytingunum á útvarpslögum og ritstjóra og ritstjórnarstefnu í breytingunum á lögum um prentrétt. Í breytingunum á útvarpslögum er talað um: starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu og fréttamanna við að framfylgja dagskrárstefnu útvarpsstöðvarinnar. Í breytingunum á lögum um prentrétt er talað um: starfsskilyrði ritstjóra og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu dagblaðsins.

BÍ leggur til að greinarnar orðist svo: Starfsskilyrði stjórnenda fréttastofu (ritstjóra og annarra yfirmanna) og blaða- og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu útvarpsstöðvarinnar (blaðsins) í samræmi við almennar faglegar siðareglur blaða – og fréttamanna.

Í þriðja lagi nefnir BÍ ákvæðin um útvarpsréttarnefnd. Samkvæmt frumvarpinu breytist hlutverk hennar frá því sem verið hefur. BÍ telur ekki ástæðu til að amast við því að einhver haldi utan um fjölmiðlamarkaðinn. Eðlilegra væri þó að gefa aðilanum nýtt nafn, t.d. Fjölmiðlastofnun eða Fjölmiðlaskoðun Íslands.

Fulltrúar BÍ eru tilbúnir til þess að mæta á fund menntamálanefndar Alþingis til að útskýra frekar sjónarmið félagsins, ef óskað er.

Virðingarfyllt,

Fyrirhönd stjórnar Blaðamannafélags Íslands

Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 133/603
komudagur 7.12.2006

Menntamálanefnd
Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. desember 2006
SP/--

Efni: Breyting á útvarpslögum, prentlögum og samkeppnislögum
Tilv: 2006110007


Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarps til laga um breytingu á útvarpslögum, prentlögum og samkeppnislögum. Samhliða því að setja reglur um eignarhald á fjölmiðlum, er það von samtakanna að lögin tryggji samkeppni á fjarskiptamarkaði fyrir alla landsmenn bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Í 22.gr. frumvarpsins er ákvæði um flutningsrétt, sem á að tryggja að fjarskiptafyrirtæki fái rétt til dreifingar á dagskrá útvarpsstöðva á stafrænu dreifikerfi sínu, en þetta er ein af forsendum þess að unnt verði að byggja upp dreifikerfi í hinum dreifðu byggðum landsins. Þannig er aðskilnaður á milli dreifiveitu og efnisveitu mikilvægt atriði í virkari samkeppni og til að stuðla að uppbyggingu dreifikerfa í strjábýli til að dreifa stafrænu sjónvarpsefni. Bændasamtökin leggja jafnframt áherslu á að lögin tryggji með öruggum hætti að verð fjarskiptaþjónustu verði sama á öllu landinu og gæti þurft að skerpa á því ákvæði í lögumum.

Umrætt frumvarp um fjölmiðla er yfirgripsmikið og í því eru ákvæði sem eru flókin í útfærslu svo sem gjaldskráin vegna uppgjors á milli sjónvarpsstöðva og fjarskiptafyrirtækja. Í því sambandi lýsa Bændasamtökin þó yfir ánægðu með það yfirlýsta markmið í frumvarpinu að allir íbúar landsins fái aðgang að stafrænni dreifingu sjónvarpsefnis og að þessi gjaldskrá eigi að stuðla að því að því markmiði sé náð.

Frumvarpið skapar einnig grunn fyrir samþættingu stafræns sjónvarps, háhraða Internets og IP símaþjónustu. Samhliða þessum lögum þarf að tryggja að í útboðslýsingu fjarskiptasjóðs, vegna uppbyggingar á háhraðatengingum í strjábýli, verði gerð krafa um nægilega mikla bandbreidd til dreifingar á stafrænu sjónvarpsefni í sömu gæðum og íbúar í þéttbýli munu njóta. Þannig tengjast þessir þættir saman, þ.e. frumvarpið um fjölmiðla og nýstofnaður fjarskiptasjóður, í því að tryggja jafnræði á milli þéttbýlis og dreifbýlis, en það er grundvallarskilyrði ef tryggja á byggð um allt land.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 133/422
komudagur 1.12.2006



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 29. nóvember 2006
0611048 sk

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Elísbetar Ránar Andrésdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um útvarpslög o.fl.

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um útvarpslög of. ,
58. mál.

Kennaraháskólinn gerir ekki athugasemd við frumvarp þetta en vísar til fyrri umsagna
sinna um frumvörp sem áður hafa komið fram um Ríkisútvarpið.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors



KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS
FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

ADILI AÐ
N.H.F.
OG
A.C.W.W.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/685
komudagur 19.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t. Elísabetar Ránar Andrésdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2006.

Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, 24. mál, stjórn, afnotagjöld.


Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. 56. mál.

Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 57. mál.

X Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum, 58. mál.

Kvenfélagasamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við ofangreind frumvörp til laga en leggur á það ríka áherslu að Ríkisútvarpið verði áfram óháður fjölmiðill og þjóni öllum landsmönnum eins vel og kostur er.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenfélagasambands Íslands


Hildur Helga Gísladóttir
framkvæmdastjóri



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

*Alþingi
Erindi nr. Þ 133/571
komudagur 6.12.2006*


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. desember 2006

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs menntamálanefndar, dags. 16. nóvember sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um útvarpslög, prentrétt og samkeppnislög, 58. mál, eignarhald á fjölmiðlum o.fl.

Landssamband lögreglumanna tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins.

F.h. Landssambands lögreglumanna,



Páll E. Winkel framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 133/184
komudagur. 22.11.2006



LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2006

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fékk 58. mál líðandi þings til umsagnar, sbr. bréf nefndarritara dags. 16. nóvember síðast liðinn. Lífeyrissjóðurinn hefur skoðað frumvarpið. Þar sem efni frumvarpsins snertir ekki starfsemi lífeyrissjóðsins gerir hann ekki athugasemdir við það. Lífeyrissjóðurinn þakkar fyrir að hafa fengið málið til umsagnar.

Virðingarfyllst


Haukur Hafsteinsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/709
komudagur 5.1.2007




Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2007

Efni: Umsögn Og fjarskipta ehf. um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl.

Vinsamlegast móttakið hjálagt umsögn Og fjarskipta ehf. um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst,


f.h. Og fjarskipta ehf.
Dóra Sif Tynes, hdl.

Vodafone

Skútuvogi 2, 104 Reykjavík
Sími 5 999 000, fax 5 999 001
þjónustuver sími 1414
www.vodafone.is

Umsögn Og fjarskipta ehf. (Vodafone) um frumvarp til laga um breytingu á útværslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum

1. Inngangur

Hinn 30. nóvember sl. óskaði menntamálanefnd umsagnar Teymis ehf. um framangreint frumvarp til laga um breytingu á útværslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum. Þar sem Teymi hf. er móðurfélag fjarskiptafyrirtækisins Og fjarskipta ehf. og framangreint frumvarp til laga er til þess fallið að hafa veruleg áhrif á starfsemi fjarskiptafyrirtækja gera forsvarsmenn félagsins ráð fyrir að umrædd umsagnarbeiðni hafi verið ætluð Og fjarskiptum ehf. (Vodafone).

Það frumvarp sem hér um ræðir er efnislega samhljóða frumvarpi sama heitis er lagt var fram á Alþingi vorið 2006 og byggir á niðurstöðum fjölmiðlanefndarinnar síðari er birtar voru í skýrslu nefndarinnar í apríl 2005. Greinargerð með frumvarpinu byggir á verulegu leyti á upplýsingum er fjölmiðlanefndin aflaði sér við gerð umræddrar skýrslu. Á þeim liðlega tveim árum sem eru frá birtingu skýrslunnar hafa hins vegar átt sér stað verulegar breytingar á íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Er því mikið um úreltar og jafnvel rangar upplýsingar að ræða í greinargerðinni sem hlýtur að teljast ámælisvert í ljósi þess að umfjöllun alþingismanna um frumvarpið hlýtur að taka mið af því sem fram kemur í greinargerð auk þess sem alkunna er að greinargerð með frumvarpi til laga er mikilvægt lögskýringargagn.

Til dæmis má nefna að Dagsbrún hf. sem áður var móðurfélag Vodafone var skipt upp í tvö félög í nóvember 2006. Við uppskiptin var stofnað nýtt félag Teymi hf. sem nú er móðurfélag Vodafone. Við þessa aðgerð voru tengsl á milli 365 miðla ehf. og Vodafone slitin enda tilheyra þessi fyrirtæki nú sitt hvorri fyrirtækjasamstæðunni. Ummæli um lóðréttu samþjöppun milli þessara fyrirtækja eiga því ekki lengur við. Þá er einnig vert að geta þess að vorið 2006 kynntu forsvarsmenn 365 miðla ehf. og Símans hf. samkomulag um gagnkvæma dreifingu sjónvarpsmerkja félaganna sem var að fullu komið til framkvæmdar í október 2006. Með samkomulagi þessu er viðskiptavinum Digital Ísland og Símans hf. tryggt aðgengi að öllu innlendu sjónvarpsefni án þess að þurfa að skipta um dreifiaðila. Við uppskiptingu Dagsbrúnar hf. tók Vodafone yfir rekstur Digital Ísland.

Þessi dæmi eru lýsandi fyrir þá öru þróun sem almennt á sér stað á bæði fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði og eru ef til vill einnig lýsandi fyrir vandkvæði þau sem löggjafinn stendur frammi fyrir við afmörkun sértæktrar löggjafar á fjölmiðlamarkaði. Við setningu slíkrar löggjafar er þannig afarmikilvægt að gæta að því að löggjöfin hamli ekki framþróun á markaði og hafi þannig neikvæð áhrif á hagsmuni hins almenna borgara.

2. EES réttur

Bann við mismunun á grundvelli þjóðernis er ein af grundvallarreglum EES réttarins. Reglan er sérstaklega staðfest í 4. gr. EES samningsins en er einnig megininntak þeirra réttinda sem ákvæðunum um fjórfrelsið er ætlað að tryggja. Það er forsenda einsleits sameiginlegs efnahagssvæðis að á því gildi sömu reglur um einstaklinga og fyrirtæki óháð þjóðerni.

Í frumvarpi til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. er að finna ákvæði sem undanþiggur eignarhald ríkisins reglum um hámarkseignarhald á útvarpsstöð. Jafnframt er í frumvarpinu ákvæði um að fjarskiptafyrirtækjum verði ávallt skylt að flytja dagskrá Ríkisútvarpsins óháð flutningsgetu eða áhorfi. Vodafone telur umrædd ákvæði brjóta í bágu við jafnræðisreglu EES-samningsins. Með því að undanskilja Ríkisútvarpið ohf. reglum um eignarhald og setja sérstakar reglur um flutningskyldu er varðar dagskrá þess er óhjákvæmilega verið að lögfesta mismunun á grundvelli þjóðernis. Erlendir aðilar sem vilja nýta sér staðfestingarrétt á Íslandi og stofna útvarpsstöð njóta þannig aldrei sömu markaðsskilyrða og Ríkisútvarpið ohf. Því er um að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis í skilningi EES réttar.

Í máli *Framkvæmdastjórnarinnar gegn Ítalíu*¹ vísaði EB-dómstóllinn til þess að sérstaklega væri mikilvægt að löggjöf er hefur áhrif á staðfesturétt einstaklinga og fyrirtækja sé þannig úr garði gerð að ekki komi til mismununar á grundvelli þjóðernis. Meginreglan um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis fæli þannig einnig í sér bann við óbeinni mismunun. Í málinu var tekist á um ítalska löggjöf er varðaði kaup á tölvuþjónustu fyrir ítalska ríkið en samkvæmt henni var ríkinu einungis heimilt að gera samninga um tölvuþjónustu við fyrirtæki sem ítalska ríkið ætti hlut í. Dómstóllinn taldi ljóst að reglurnar væru til þess fallnar að útiloka erlend fyrirtæki frá því að veita ríkinu tölvuþjónustu og fælu þær því í sér óbeina mismunun á grundvelli þjóðernis.

Í 31. gr. EES-samningsins er kveðið á um rétt ríkisborgara aðildarríkja EES til þess að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Líkt og áður greinir felst í þessum rétti sú skylda ríkisins að tryggja að innlend löggjöf mismuni ekki innlendum og erlendum aðilum. Dagsbrún hf. telur að íslenska ríkið brjóti skýlaust gegn þessum grundvallarrétti EES-samningsins með því að undanskilja Ríkisútvarpið ohf. frá reglum um eignarhald á útvarpsstöð sbr. framangreint frumvarp til breytinga á útvarpslögum o.fl. Líkt og áður greinir fela umræddar reglur í sér að erlendir aðili er hyggst öðlast staðfestu hér á landi og starfrækja útvarpsstöð nýtur ekki sömu starfsskilyrða og Ríkisútvarpið hf. Rétt er að benda á að Eftirlitsstofnun EFTA hefur höfðað mál gegn norska ríkinu vegna sambærilegra takmarkana á staðfesturétti.² Málið snýst um norska löggjöf er kveður á um að aðilar sem fengið hafa leyfi til þess að festa kaup á fallvötnum til virkjunar skuli afhenda ríkinu fasteignir sínar að leyfistíma liðnum án þess að bætur komi fyrir. Þessi ákvæði eiga hins vegar ekki við virkjanir í eigu hins opinbera sem hljóta ótímabundin leyfi. Þessa löggjöf telur Eftirlitsstofnunin brjóta í bága við 31. og 40. gr. EES.

¹ Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu mál C-3/88 [1989] ECR bls. 4035.

² Málið var höfðað 31. maí 2006 og hefur verið skráð í málaskrá EFTA dómstólsins með málnúmer E-2/06.

Í ákvæðum frumvarpsins um flutningsskyldu greinir að skyldan taki eingöngu til flutnings á dagskrá sjónvarpsstöðva með staðfestu hér á landi. *VTM* málið³ varðaði meðal annars belgíska löggjöf er veitt einni sjónvarpsstöð einkarétt á að starfa á auglýsingamarkaði fyrir sjónvarp í flæmska hluta Belgíu. EB-dómstóllinn lagði áherslu á að réttinn til staðfestu bæri að túlka rúmt og fæli þannig í sér rétt ríkisborgara aðildarríkis til þess að taka þátt atvinnulífi annars aðildarríkis á sama hátt og innlendir einstaklingar og fyrirtæki. Jafnframt lagði dómstóllinn áherslu á rétturinn til staðfestu útilokaði innlenda löggjöf sem væri til þess fallin að hindra erlenda aðila að nýta sér þann rétt eða væri til þess fallin að draga úr áhuga þeirra á að öðlast staðfestu. Belgíska löggjöfin var því talin brjóta í bága við meginregluna um rétt til staðfestu.

Við þetta má bæta að frumvarpið áskilur að fjarskiptafyrirtæki skuli við uppröðun á fjarstýringu láta dagskrár stöðva með íslensku tali eða texta hafa forgang þannig að þær séu ofar erlendum sjónvarpsrásum. Er hér einnig um brot á jafnræðisreglu EES-réttar að ræða. Í máli *Harðar Einarssonar* gegn íslenska ríkinu⁴ komst EFTA dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að réttlæta frávik frá meginreglum EES-samningsins með vísan til almannahagsmuna vegna þörf á að styrkja þjóðtunguna.

3. Nánar um ákvæði frumvarpsins

3.1. Almenn

Einkaréttur ríkisins til þess að veita fjarskiptaþjónustu var afnuminn með lögum um fjarskipti nr. 143/1996 en markmið laganna var meðal annars að auka frelsi á fjarskiptamarkaði og stuðla að samkeppni. Lögin áttu rætur að rekja til EES-gerða á sviði fjarskipta er voru settar í því augnarmiði að koma á samkeppni á fjarskiptamarkaði enda talið að með því móti yrðu hagsmunir neytenda hvað best tryggðir. Í ljósi þess að einkaréttur ríkja til þess að veita fjarskiptaþjónustu hafði staðið yfir um áratuga skeið fólu þessar gerðir í sér nokkuð yfirgripsmikið regluverk og verulegar heimildir til íhlutunar eftirlitsaðila enda var það svo að fjarskiptamarkaðir hvarvetna báru þess merki að fyrrverandi einkaréttaraðilar voru í yfirburðastöðu á markaði.

Núgildandi gerðir á sviði fjarskipta eru afrakstur endurskoðunar Framkvæmdastjórnar ESB á fjarskiptalöggjöf sambandsins á árinu 1999.⁵ Niðurstaða Framkvæmdastjórnarinnar var sú að færa bæri sértæka löggjöf sambandsins um fjarskiptamarkað í átt til samkeppnisréttar, m.a. með því að skilgreina hugtakið umtalsverðan markaðsstyrk á sama hátt og markaðsráðandi stöðu. Meginreglan væri sú að eftirlitsstofnanir á sviði fjarskipta ættu einungis að grípa inn í markaðsaðstæður ef sýnt væri að ekki væri um virka samkeppni að ræða á viðkomandi markaði. Hin nýja rammalöggjöf EES-samningsins á sviði fjarskipta var innleidd með lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

³ *Vlaamse Televisie Maatschappij NV* mál T-266/97 [1999] ECR II-2329.

⁴ Mál E-1/01 *Hörður Einarsson* gegn íslenska ríkinu. Málið snérist um hvort mismunandi virðisaukaskattur á bókum á erlendu tungumáli eða íslensku bryti í bága við EES-samninginn.

⁵ Towards a new Framework for Electronic Communications Infrastructure and Associated Services – The 1999 Communications Review COM (1999) 539fin frá 10. nóvember 1999.

Við beitingu sértækrar löggjafar (e. *sector specific regulation*) verður að hafa í huga þau markmið er slíkri löggjöf er ætla að uppfylla. Segja má að fjarskiptalöggjöf hafi tvenns konar markmið; annars vegar félagsleg og hins vegar efnahagsleg eða hagfræðileg. Dæmi um félagsleg markmið fjarskiptalöggjafar eru ákvæði um öryggi fjarskipta, persónuvernd og alþjónustu. Þegar rætt er um efnahagsleg markmið sértækrar löggjafar er hins vegar átt við aðgerðir sem leiðréttá eiga ágalla á mörkuðum (e. *market failure*) sem bera merki einokunar. Meginmarkmið slíkrar löggjafar er þannig að rétta af neikvæð áhrif s.s. yfirverðlagningu og óhagkvæmni í rekstri. Löggjöfin kemur þannig að einhverju leyti í stað virkrar samkeppni á markaði.

Eftirlitsstofnanir á sviði fjarskipta eru þannig við beitingu sértækra ákvæða um umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða að grípa inn í aðstæður á markaði á þeim forsendum að samkeppni sé ekki þess eðlis að hún nái fram hinum almennu markmiðum um hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Við beitingu slíkra reglna er því afar mikilvægt að fyrir liggi greinargott hagfræðilegt mat á viðkomandi markaði og hugsanlegum samkeppnishindrunum.

3.2. Flutningsskylda

Ákvæði um flutningsskyldu er að finna í 6. gr. frumvarpsins, sbr. 22. gr. breyttra útvarpslaga. Samkvæmt því getur Útvarpsréttarnefnd skyldað fjarskiptafyrirtæki sem rekur stafrænt fjarskiptanet hér á landi til þess að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi. Flutningsskyldan takmarkast við dagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Hún er háð þeim takmörkunum að einungis megi skylda fjarskiptafyrirtæki til að flytja efni sem nemun einum þriðja af flutningsgetu nets. Þær dagskrár sem hafi mest áhorf skuli njóta forgangs en ávallt skuli þó skylt að flytja dagskrá Ríkisútvarpsins. Lágmarksgjald sem greiða skuli fyrir aðgang að dreifkerfi nemi 10% af þeim heimilum sem nái útsendingu.

Náist ekki samningar um flutning innan 30 daga frá því að þeirra var sannanlega leitað skuli máli vísað til útvarpsréttarnefndar, sbr. 22. gr. b. Greitt skal samkvæmt gjaldskrá útvarpsréttarnefndar sem jafnframt annast mánaðarlegan útreikning flutningsgjalds.

Reglur um flutningsskyldu (e. *must carry*) eru almennt taldar leiða af kenningum samkeppnisréttar um ómissandi aðstöðu (e. *essential facilities*). Er þannig talið að ráði fyrirtæki yfir aðstöðu sem telja megi ómissandi fyrir veitingu tiltekinnar þjónustu og sýnt þykir að ekki væri þjóðhagslega hagkvæmt að byggja upp samsvarandi aðstöðu sé rétt að skylda fyrirtækið til að veita öðrum aðgang að aðstöðunni til að stuðla að samkeppni. Samkeppnisrétturinn gerir þannig ráð fyrir að reglum um ómissandi aðstöðu verði einungis beitt gagnvart fyrirtækjum í markaðsráðandi stöðu.

Í 28. gr. fjarskiptalaga segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti mælt fyrir um að fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk verði við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að almennum fjarskiptanetum, nethlutum og tengdri aðstöðu með ákveðnum skilmálum sem stofnunin setur.

Má því segja að í dag séu í gildi að íslenskum rétti tvenns konar reglur um aðgang að ómissandi aðstöðu, þ.e. hin almenna regla samkeppnisréttar og sértæk ákvæði fjarskiptalaga. Markmið þessara reglna er í báðum tilvikum að stuðla að aukinni samkeppni. Þess vegna miða þær báðar við að íhlutun hins opinbera sé eingöngu tæk ef um fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu sé að ræða. Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er hins vegar miðað við að flutningsskylda nái til allra stafrænna fjarskiptaneta á landinu óháð markaðshlutdeild. Með því er í raun komið í veg fyrir samkeppni milli neta sem þó hefur þótt ákjósanlegust til þess að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði til þessa. Má því segja að frumvarpið feli í sér afturhvarf frá þeirri stefnu sem áður hefur verið mörkuð, þ.e. að stuðla að virkri samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Þá eru ákvæði frumvarpins um flutningsskyldu algild, þ.e. ekki er gert ráð fyrir neinu mati á samkeppnisaðstæðum á fjarskiptamarkaði eða hvaða úrræði séu heppilegust til þess að mæta hugsanlegum samkeppnishindrunum. Enn fremur eru lagaskil þessara ákvæða og ákvæða fjarskiptalaga óljós.

Segja má að ákvæði frumvarpsins um gjaldskrá útvarpsréttarnefndar reki smiðshöggið á afnám samkeppni á fjarskiptamarkaði að því er varðar dreifingu sjónvarpsefnis. Afar ólíklegt verður þannig að telja að fyrirtæki sjái sér hag í því að semja um annað verð en það sem útvarpsréttarnefnd ákveður enda verður málum alltaf skotið til hennar að 30 dögum liðnum. Er hér hróplega farið í bága við þá viðleitni samkeppnisyfirvalda að auka verðsamkeppni á markaði með því að banna fyrirtækjum og félagasamtökum að hafa samráð um gjaldskrá. Einnig brýtur þessi framkvæmd í bága við meginreglur fjarskiptalaga um að frjálssa samninga á milli fjarskiptafyrirtækja. Þannig gera fjarskiptalög ráð fyrir því að eftirlitsaðilar hlutist eingöngu til um verð ef reynt þykir að aðilar nái ekki saman og skuli slík íhlutun þá byggð á samkeppnislegum forsendum.

Framangreindar reglur um flutningsskyldu kunna einnig að vera samkeppnishamlandi á sjónvarpsmarkaði. Fyrst ber til þess að líta að Ríkisútvarpinu er tryggður skýlaus forgangur á aðgangi að fjarskiptanetum. Í öðru lagi ber fjarskiptafyrirtæki að veita þeim stöðvum sem mest hafa áhorf forgang ef flutningsgeta er takmörkuð. Þetta getur haft í för með sér að nýjum aðilum á sjónvarpsmarkaði reynist ómögulegt að ná fótfestu enda ná þeir ekki upp tilskyldu áhorfi án þess að fá aðgang að dreifikerfi.

3.3. Útvarpsréttarnefnd, málsmeðferð og gjaldskrá


Í ákvæðum frumvarpsins er gert ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd verði að nýrri eftirlitsstofnun á vegum hins opinbera. Útvarpsréttarnefnd er ekki eingöngu ætlað að hafa eftirlit með útgáfu útvarpsleyfa og eignarhaldi á fjölmiðlum eða íhlutun um sölu þeirra ef svo ber undir. Nefndinni virðist einnig ætlað sá starfi að setja fjarskiptafyrirtækjum gjaldskrár og annast fyrir þau uppgjör. Auk þess að setja gjaldskrá um einingarverð fyrir flutning á sjónvarpsdagskrá er nefndinni þannig ætla að úrskurða um gjald fyrir aðra þjónustu fjarskiptafyrirtækis sem flutningsreglur taka til að undangegnum útreikningum.

Ljóst er að framangreint hlutverk útvarpsréttarnefndar felur í sér að um nýja eftirlitsstofnun er að ræða. Hefur þetta óneitanlega í för með sér verulegan aukinn kostnað ríkissjóðs miðað við núverandi hlutverk nefndarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu fylgir umsögn fjármálaráðuneytis um áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í umsögninni segir að reikna megi með þremur til fjórum starfsmönnum hjá nefndinni að lágmarki. Í ljósi þess hve umfangsmikið hlutverk henni er ætlað, t.d. mið mánaðarleg uppgjör á flutningsgjöldum hlýtur sá starfsmannafjöldi þó að vera vanáætlaður sem og kostnaðartölur þær er fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir. Vodafone telur ekki óvarlegt að áætla að kostnaður við rekstur hinnar nýju eftirlitsstofnunar muni nálgast 100 milljónir árlega. Á sama tíma liggur fyrir að málsmeðferð bæði Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar er því marki brennd að þar er sífellt verið að eiga við manneklu og fjárskort. Hlýtur því að skjóta skökku við að unnt sé að verja verulegum fjármunum í að koma á fót nýrri eftirlitsstofnun þegar ekki er til fjármagn til að hlúa að þeim sem þegar eru til staðar.

3.4. Samantekt

Líkt og greinir hér að framan gerir Vodafone alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum o.fl. Í frumvarpinu er að finna ákvæði sem ekki samræmast meginreglum EES-réttar og jafnframt vekur það alvarlegar spurningar um samkeppnisskilyrði á fjarskiptamarkaði. Ekki hefur að neinu leyti verið tekið tillit til þróunar á markaði t.d. samningi markaðaðila um gagnkvæma dreifingu sjónvarpsmerkja. Þá hlýtur að vekja furðu að við samningu ítarlegra ákvæða um flutningsrétt og – skyldu, mælingar, málsmeðferð og gjaldskrá skuli ekki að neinu leyti verið haft samráð við aðila sem starfa á markaði, þó ekki væri nema til þess að tryggja að reglurnar reynist hagkvæmar í framkvæmd. Vodafone leggst því gegn samþykkt frumvarpsins í heild sinni.

Reykjavík, 5. janúar 2007


f.h. Vodafone
Dóra Sif Tynes, hdl.



Alþingi - menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2006110074

211

07. febrúar 2007

Málefni: Frumvarp um breytingu á útvarpslögum o.fl. - 58. mál

Vísað er til bréfs, dags. 16. nóvember 2006, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, lögum um prentrétt nr. 57/1956 og samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Ný verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að Póst- og fjarskiptastofnun verði fengin ný verkefni sem tengjast útvarpsdreifikerfum. Þau eru eftirfarandi:

- 1) Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga, skv. 3. mgr. 2. gr.
- 2) Útvarpsréttarnefnd getur leitað umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar um tæknileg álitaefni varðandi flutningsrétt og flutningsskyldu skv. c. lið 6. gr. (6. mgr. 22. gr. b).
- 3) Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur ná til skv. f. lið 6. gr. (22. gr. e).
- 4) Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um þau viðmið sem stofnunin byggir á um útsendingargæði og öryggi fjarskiptakerfa skv. f. lið 6. gr. (22. gr. e).

Stofnunin áætlar að það fari u.þ.b. eitt mannrá í það að innleiða þessi nýju verkefni hjá stofnuninni. Í því fellst m.a. að afla þeirrar sérþekkingar sem til þarf, semja reglur og skipuleggja skráningu stafrænna dreifikerfa. Viðvarandi mannaflapörf við uppfærslu skrár, eftirlit skv. reglum um útsendingargæði og öryggi og umsagnir til útvarpsréttarnefndar er áætluð 1/2 mannrá á ári. Stofnunin telur að ekki sé mögulegt að fjármagna þessi verkefni með núverandi fjárheimildum og áætlar að aukin fjárförf vegna þessara verkefna sé u.þ.b. 7 milljónir fyrsta árið eftir gildistöku og síðan 3,5 milljónir á ári.

Frestur til að útbúa skrá yfir dreifikerfi.

Í 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa útbúið skrá yfir stafræn fjarskiptanet sem flutningsreglur frumvarpsins taka til fyrir 1. maí 2007. Þessi frestur er of skammur að mati stofnunarinnar. Stofnunin leggur til að ákvæðið verði orðað með eftirfarandi hætti:

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa útbúið skrá skv. 22. gr. e eigi síðar en sex mánuðum




eftir gildistöku laga þessara.

Ákvæði laga um fjarskipti um aðgang að útvarpsdreifikerfum.

Að lokum er vakin athygli á því að skv. lögum um fjarskipti nr. 81/2003 og skuldbindingum skv. EES samningnum er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að greina samkeppnisstöðu á markaði fyrir útvarpsdreifikerfi og -þjónustu og ef samkeppni reynist ekki virk á markaðnum er stofnuninni heimilt að mæla fyrir um aðgang að dreifikerfum fyrirtækja sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk. Ennfremur er kveðið á um það í 56. gr. laganna að stofnunin skuli setja reglur sem kveða á um skyldu til að veita aðgang að skilyrtum aðgangskerfum. Stofnunin gaf út reglur um skilyrt aðgangskerfi og notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp nr. 570/2006, þann 23. júní 2006.

Virðingarfyllst,



Sigurjón Ingvarsson

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

TILVÍSUN


Reykjavík, 6. desember 2006 2006110263
T-ums 18/06


Umsögn um 58. mál, frumvarp til laga um útvarpslög, prentrétt og samkeppnislög

Með bréfi háttvirtrar menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 16. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 58, um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, lögum um prentrétt nr. 57/1956 og samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins og telur að það gefi ekki tilefni til athugasemda af hans hálfu.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Bjarni Amby Lárússon


Sigurjón Högnason

Alþingi ÚTVARPSSTJÓRI
Erindi nr. P 133/723
komudagur 12.1.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum. Þskj. 58 – 58 mál.

Heildstæð breyting á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum á grundvelli þess frumvarps, sem hér um ræðir, er nauðsynleg í breyttu fjölmiðla- og tækniumhverfi. Með breyttum lögum er loks stigið skref í þá átt að setja samræmdan ramma um fjölmiðlarekstur, óháð gerð miðils, líkt og gert hefur verið í mörgum öðrum ríkjum.

Allt frá setningu útvarpslaga nr. 68/1985 hefur þróun ljósvakamiðla í einkaeigu á Íslandi verið óháðari opinberum reglum og eftirlitslausari en í flestum löndum í kringum okkur. Hér á landi hefur því gætt aukinnar samþjöppunar í ljósvaka- og prentmiðlum og ráðandi markaðsstaða eins fyrirtækis er staðreynd. Opinber yfirvöld hafa ekki talið ástæðu til að bregðast við þróun mála þrátt fyrir að sameiginlegar stofnanir Evrópuríkja, er láta sig þróun og framgang lýðræðis og frjálsrar fjölmiðlunar varða, hafa eindregið varað við þessari þróun.

Í frumvarpinu eru skilgreindar alþjóðlegar viðurkenndar leikreglur um starfsemi og rekstur fjölmiðla enda er hlutverk þeirra afgerandi fyrir lýðræðislega umræðu og skoðanamyndun í landinu. Í frumvarpinu er þetta gert með mun skýrari hætti en áður hefur verið gert og m.a. eru sett fram mælanleg markmið varðandi nokkur veigamikil atriði. Í frumvarpinu er tekið á flestum atriðum sem máli skipta og þeim yfirleitt vel fyrir komið. Þrátt fyrir það eru nokkur atriði sem mikilvægt er að breyta áður en frumvarpið verður að lögum og skal þá helst nefna:

Í 1. gr. frumvarpsins, staflið 1 segir:

Flutningur samkvæmt reglum um flutningsskyldu og flutningsrétt tekur til flutnings og dreifingar á útvarpsefni frá tengipunkti sjónvarpsstöðvar til viðtækja notenda.

Orðalag þessa liðar vekur upp þá spurningu hvort dreifikerfi, sem ekki leggur til aðgangskassa og ætlar notendum sjálfum að kaupa þá, falli undir reglur um flutningsskyldu og flutningsrétt. Ef slíku dreifikerfi er ætlað að starfa samkvæmt reglunum þarf orðalag liðarins að vera skýrara því greinarmunur er á aðgangskassa og viðtæki (sjónvarpstæki).

Í 6. gr. frumvarpsins, a. (22. gr.) um *Flutningsskyldu*, segir:

c. Um er að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. ***Ekki er því skylda að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.***

Á það skal bent að ekki er ætíð þörf meiri bandbreiddar við flutning dagskrár á breiðtjaldi (16:9) heldur en á núverandi hefðbundnu formi (4:3). Ljóst er að á næstum árum hefjast útsendingar á breiðtjaldsformi og síðar háskerpum og þá yrðu lögin takmarkandi hvað þetta varðar. Lagt er til að ákvæði varðandi þessi atriði verði sett í reglugerð sem auðvelt er að breyta í takt við tækniþróun.

Í 6. gr. frumvarpsins, a. (22. gr.) um *Flutningsskyldu*, segir einnig:

Þrátt fyrir að ákvæði 2. mgr. séu uppfyllt má aðeins skylda fjarskiptafyrirtæki sem hefur yfir að ráða eða aðgang að fjarskiptaneti, bakneti og aðgangsneti, til að flytja efni sem nemur einum þriðja af flutningsgetu fjarskiptanetsins. Ef fleiri óska eftir að flutningsskylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtækið flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar. ***Ávallt skal þó flytja dagskrá Ríkisútvarpsins sé þess óskað.***

Varðandi feitletruðu setninguna, þá er þörf á að skýra hver það er sem getur óskað eftir flutningi á dagskrá Ríkisútvarpsins. Er það Ríkisútvarpið sjálft eða er það viðskiptavinur (notandi) fjarskiptanetsins, eða báðir? Auk þess er rétt að benda á að Ríkisútvarpið sendir ekki út eina dagskrá. Ríkisútvarpið sendir út eina sjónvarpsdagskrá og tvær útvarpsdagskrár til alls landsins. Á þetta ákvæði eingöngu við um sjónvarpsdagskrána eða allar dagskrár? Lagt er til að umrædd setning verði: ***Ávallt skal þó flytja dagskrár Ríkisútvarpsins sé þess óskað.***

Í 6. gr. frumvarpsins, a (22.gr.) segir enn fremur:

Útvarpsstöð, sem óskar eftir því að fá aðgang að almennu stafrænu fjarskiptaneti sem hagnýta má til útvarpsendinga en hefur ekki náð samningum við fjarskiptafyrirtæki um það, getur krafist úrskurðar útvarpsréttarnefndar um flutningsskyldu fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Hér opnast möguleiki fjarskiptafyrirtækis um að ná ekki samningum við Ríkisútvarpið um flutning. Þá tekur eftirfarandi ákvæði gildi:

Fjarskiptafyrirtæki er ekki skylt að flytja dagskrá sjónvarpsstöðvar nema sjónvarpsstöðin greiði ávallt að lágmarki gjald sem samsvarar 10% af fjölda þeirra heimila sem ná útsendingu viðkomandi fjarskiptafyrirtækis. Jafnframt þarf sjónvarpsstöðin að bera kostnað við undirbúning útvarpsmerkis inn á viðkomandi fjarskiptakerfi.

Með þessu ákvæði eykst kostnaður Ríkisútvarpsins við dreifingu á dagskrám til hlustenda og áhorfenda. Á þessu stig er ekki unnt að áætla hver kostnaðaraukningin verður. Fjarskiptafyrirtæki getur auðveldlega hagað samningum við Ríkisútvarpið á þann veg að

ekki náist samkomulag um flutning dagskráanna um kerfið og þá kemur til þess að Ríkisútvarpið þarf að greiða fyrir þá þjónustu.

Þegar bygging kapalkerfa hófst með tilkomu breiðbandsins hafnaði Ríkisútvarpið greiðsluþátttöku fyrir flutning. Hið sama hefur gilt um önnur kerfi sem hafa verið byggð síðar. Rekstraraðilar þessara kerfa hafa sóst eftir því að dreifa dagskrám Ríkisútvarpsins og um leið gert þjónustu sína áhugaverðari fyrir viðskiptavinum sínum. Ríkisútvarpið hefur einnig viljað vera til staðar þar sem áhorfendur eru, þ.e. að heimila dreifingu dagskráanna á öðrum kerfum og auðvelda þar með fólki aðgang að dagskrárefninu.

Ríkisútvarpið hefur lögbundnar skyldur um að dreifa dagskrám sínum til allra landsmanna, óháð búsetu. Einnig til þeirra sem ekki hafa áhuga á fjölrása sjónvarpi en vilja einungis horfa á íslenskt efni í opinni dagskrá. Reglur þessar um greiðslu fyrir flutning á dagskrám Ríkisútvarpsins munu líklega leiða til þess að allir áhorfendur og hlustendur þurfi í framtíðinni að gerast áskrifendur dagskrárveitna til að geta notið þjónustu þess.

Með hliðsjón af ofangreindu og fyrirliggjandi frumvarpi um Ríkisútvarpið ásamt drögum að þjónustusamningi milli menntamálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins kemur skýrt fram að á Ríkisútvarpið eru lagðar miklar þjónustuskyldur við landsmenn alla sem opinberum fjölmiðli í almannathjónustu. Í ljósi þessa telur Ríkisútvarpið að flutningsskylda (must carry) skuli gilda um flutning dagskráanna, Ríkisútvarpinu að kostnaðarlausu.

Í 6. gr. frumvarpsins, f. (22. gr. e.) um *Fjarskiptanet sem flutningsreglur taka til segir:*

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir stafræn fjarskiptanet hér á landi sem flutningsreglur laga þessara taka til. Færa skal öll stafræn fjarskiptanet hér á landi á skrána sem nú eru í notkun eða nota má til stafræns flutnings hljóð- og sjónvarpsendinga til almennings, svo sem kapalkerfi, xDSL, ljósleiðarakerfi og útsendingarkerfi í lofti, ***enda uppfylli þau kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar um útsendingargæði og nægilegt öryggi til að verja lögverndaða hagsmuni réttmæt útsends efnis.***

Varðandi útsendingargæði og öryggi, þá væri æskilegt að kröfur Póst- og fjarskiptastofnunar lægju fyrir við gildistöku laganna.

Í 6. gr. frumvarpsins, f. (22. gr. e.) segir einnig:

Skráin er tvískipt. Í a-hluta hennar eru skráð fjarskiptanet með aðgangsstýringu og í b-hluta hennar fjarskiptanet án aðgangsstýringar.

Með rekstur núverandi fjarskiptaneta í huga s.s. Digital Íslands og ADSL-sjónvarp Símans, þá geta þau væntanlega fallið undir bæði a- og b-hluta, þar eð nokkrar dagskrár eru ætíð opnar. Hve lengi notendur hafa aðgangskassa að láni, segi þeir áskrift sinni upp, er ekki ljóst.

Í 6. gr. frumvarpsins, f. (22. gr. e.) segir enn fremur:


Sérhvert fjarskiptafyrirtæki sem hefja vill viðskipti á Íslandi með hljóð- og myndmiðlun um gervihnött skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða starfsemi sína áður en hún hefst og gilda þá ákvæði íslenskra laga, þ.m.t. flutningsreglur, um fyrirtækið.

Samkvæmt þessari málsgrein gildir 6. gr. d. (22. gr. c.) *Mælingar og uppgjorsreglur* svo og e. (22. gr. d.) *Gjaldskrá*, einnig um dreifingu um gervitungl. Á það skal bent að dreifikostnaður um gervitungl er óháður móttökustað innan þjónustusvæðis gervitunglsins, ólíkt dreifikostnaði dreifikerfis á jörðu sem þarf að ná til þéttbýlis og dreifibýlis. Uppgjorsreglur samkvæmt e. (22. gr. d.) með mismunandi gjaldsvæðum eru byggðar á kostnaði við jarðdreifingu og eiga því ekki við um dreifingu um gervitungl.

Með flutningsskyldu, áhorfs- og hlustunarmælingum og beinum greiðslum í hlutfalli við þær skv. 6. gr. er lagður grunnur að breytilegum kostnaði við dreifingu til notenda sem er nýtt í þessum rekstri. Ríkisútvarpið er andstætt slíku fyrirkomulagi sem mun leiða til hækkunar á dreifingarkostnaði, sem Ríkisútvarpið hefur ekki stjórn á. Því leggur Ríkisútvarpið eindregið til að ákvæðið um flutningsskylduna (must carry), Ríkisútvarpinu að kostnaðarlausu, verði innleitt enda væri það í samæmi við þær miklu skyldur sem löggjafinn ætlar Ríkisútvarpinu, umfram aðra ljósvakamiðla.

Með hliðsjón af framansögðu getur Ríkisútvarpið ekki stutt frumvarpið óbreytt.

Virðingarfyllst,



Páll Magnússon



Alþingi
Erindi nr. P 133/605
komudagur 7.12.2006

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2006

Tilv.: 0611024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útværslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Af hálfu menntamálanefndar Alþingis hefur þess verið farið á leit við Samkeppniseftirlitið að gefin verði umsögn um frumvarp til laga um útværslög, lög um prentrétt og samkeppnislög, 58. mál, eignarhald á fjölmiðlum o.fl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á gildandi lögum um útværslög og lögum um prentrétt ásamt einni breytingu á samkeppnislögum. Lagðar eru til ýmsar breytingar á opinberum eftirlitsreglum er varða fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Hér á eftir verður fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem talið er að varði samkeppnisumhverfi og stöðu Samkeppniseftirlitsins.

Í 3. mgr. 6. gr. a. (22. gr.) er mælt fyrir um að ef fleiri óska eftir að flutningsskylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtæki flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útværsléttarnefndar.

Samkeppniseftirlitið bendir á að þetta ákvæði um val á dagskrám til flutnings geti leitt til þess að takmörkuð verði innkoma nýrra aðila á markaðinn og eins gert litlum aðilum erfitt fyrir um hugsanlega aukna dreifingu dagskrár. Leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að leitað verði leiða til þess að draga úr hindrunum sem af þessu geta leitt. Takmörkun á dreifingu sem ákvæði sem þetta getur skapað er líkleg til þess að hamla samkeppni og minnka fjölbreytni í dreifingu sjónvarpsefnis.

Í 7. mgr. 10. gr. a. er mælt fyrir um að dagblað sem á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkun á eignarhaldi.

Samkeppniseftirlitið telur að slíka undanþágu beri viðkomandi að sækja um til útværsléttarnefndar sbr. ákvæði í 4. gr. frumvarpsins hvað varða útværsléttarnefndar. Það er að mati Samkeppniseftirlitsins í verkahring útværsléttarnefndar en ekki Samkeppniseftirlitsins að hafa eftirlit með eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja.



Í 14. gr. er mælt er fyrir um að eftirfarandi grein, 17. gr. a., bætist við samkeppnislögin:

Ef ætla má að samruni, þar sem tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut, stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölmiðlaframboði í hættu, getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Einnig má setja slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Um málsmeðferð og tilkynningarskyldu aðila gilda ákvæði 3.-6. mgr. 17. gr. Áður en Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein skal leitað álits útvarpsréttarnefndar.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við ákvæðið. Rétt er hins vegar að vekja athygli á að samkvæmt ákvæðinu og skýringum á því í athugasemdum með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið byggi upp á sínum vegum og viðhaldi víðtækri þekkingu á fjölmiðlum og fjölmiðlafræði, með því að hafa á að skipa starfsmanni eða starfsmönnum með þekkingu og reynslu á þessu sviði og koma á samstarfi við stjórnvöld í nágrannaríkjum sem hafa þetta hlutverk með höndum. Ekki er gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið reiði sig einvörðungu á álit útvarpsréttarnefndar að þessu leyti, enda væri þá hagfelldast að fela henni þetta verkefni. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 5 m.kr. árlegum kostnaði Samkeppniseftirlitsins vegna verkefnisins. Hér er um lágmarksáætlun að ræða að mati Samkeppniseftirlitsins, þegar litið er til þess að æskilegt er að til verkefnisins ráðist starfsmaður með aðra menntun en þá sem að jafnaði er nýtt til úrlausna á verkefnum eftirlitsins. Vill Samkeppniseftirlitið ennfremur vekja athygli á því að ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka við vinnslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2007.

Til viðbótar vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli á því að tímafrestur sá sem því er ætlaður til umfjöllunar um samrunamál samkvæmt núgildandi 17. gr. samkeppnislaga er að jafnaði styttri og ósveigjanlegri en hliðstæðir tímafrestir í þeim löndum sem framangreint ákvæði 14. gr. frumvarpsins sækir fyrirmynd sína til. Þegar mat samkvæmt þessu ákvæði bætist við hefðbundið samrunamat er augljóst að Samkeppniseftirlitinu er ætlaður óraunhæfur tími til úrlausnar málsins. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á þessu, en telur þó rétt að leyst verði úr þessu með breytingum á hinum almennu tímafrestum 17. gr. samkeppnislaga.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

133. löggjafarþing 2006-2007
Þskj. 58 – 58. mál

Umsögn Símans hf. um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

1. Almenn

Vísað er til frumvarps til breytinga á útvarpslögum, lögum um prentrétt og samkeppnislögum, með síðari breytingum, sbr. þingskjal nr. 58, 58. mál. Síminn gerir einungis athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á útvarpslögum en ekki er að svo stöddu gerðar athugasemdir við breytingartillögur sem taka til laga um prentrétt og samkeppnislaga.

Í eftirfarandi umsögn Símans mun verða einblínt á þau atriði sem Síminn telur mega betur fara. Ber þar helst að nefna ákvæði um flutningsskyldu og flutningsrétt sem leiða til þess að frelsi fyrirtækja til að leita samninga sín á milli án íhlutunar hins opinbera verður í raun afnumið. Síminn leggst gegn þeim fyrirætlunum. Þá telur Síminn varhugavert að auka verulega hlutverk útvarpsréttarnefndar á mörkuðum þar sem aðrar opinberar eftirlitsstofnanir eru fyrir. Nánar verður gerð grein fyrir athugasemdum Símans um einstök ákvæði í næsta kafla hér á eftir.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

2.1. Athugasemdir við 2. gr.

2.1.1. Athugasemdir við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um skipun og hlutverk útvarpsréttarnefndar. Síminn gerir athugasemd við tillögu frumvarpsins um breytingu á skipun útvarpsréttarnefndar í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins frá því sem nú er í 2. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga nr. 53/2000. Í stað þess að Hæstiréttur tilnefni tvo nefndarmenn og menntamálaráðherra skipi einn án tilnefningar er lagt til að dómsmálaráðherra tilnefni einn, Hæstiréttur annan og sá þriðji sé skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Mikilvægt er að stjórnvöld sem taka ákvarðanir um rétt og skyldu einkaaðila séu ekki háð hinu pólitíska valdi. Samkvæmt frumvarpinu er útvarpsréttarnefnd ætlað töluvert veigameira hlutverk á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði en verið hefur. Ákvarðanir nefndarinnar kunna því að varða meiri hagsmuni en áður og því ríður á að meirihluti nefndarinnar sé ekki pólitískt skipaður til að hlutlægni verði gætt. Má einnig setja spurningu við þá ráðstöfun í ljósi þess að ríkisstjórn Íslands fer með eignarhlut í Ríkisútvarpinu sem er í samkeppni við þá einkaaðila sem frumvarpið nær til. Breytingartillagan er auk þess órökstudd. Síminn leggst gegn tillögu frumvarpsins um breytta tilhögun við skipun útvarpsréttarnefndar og leggur til að gildandi ákvæði útvarpslaga standi óhöggð.

2.1.2. Athugasemdir við 2. - 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Eins og fram kemur skýringum í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að verkefni útvarpsréttarnefndar muni stórauðkast verði frumvarpið að lögum. Síminn telur að gjalda verði varhug við því að valdsvið og verkefni stofnunarinnar séu aukin verulega og lítur svo á að verkefni útvarpsréttarnefndar eigi fyrst og fremst að felast í eftirliti með því efni sem birtist í fjölmiðlum hvort sem um fréttir, fræðslu eða afþreyingu er að ræða. Á hinn bóginn sé það hlutverk annarra eftirlitsstofnana eins og Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins að fjalla um fjarskiptastarfsemi og möguleg brot almennum leikreglum á samkeppnismörkuðum. Um hlutverk útvarpsréttarnefndar verður að öðru leyti fjallað í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins.

2.1.3. Athugasemdir við 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins á ákvæði 6. mgr. 6. gr. gildandi útvarpslaga um að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar séu fullnaðarákvarðanir á stjórnarsýslustigi að halda gildi sínu. Sjálfstæðar úrskurðarnefndir á efra stjórnarsýslustigi hafa gefist afar vel. Nægir þar að nefna áfrýjunarnefnd samkeppnismála og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Nefndunum er markaður skammur tími til að kveða upp úrskurð auk þess sem kæruleiðin er ódýr jafnt fyrir alla. Því hefur verið um skilvirkt úrræði að ræða auk þess sem það heyrir til undantekninga að ákvörðunum æðra setts stjórnvalds sé skotið til dómstóla. Ákvörðunum útvarpsréttarnefndar er hins vegar einungis hægt að skjóta til dómstóla sem er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt úrræði auk þess sem bið eftir endanlegri dómsniðurstöðu getur valdið réttaróvissu. Því er lagt til að 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar útvarpsmála. Skal kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að aðila máls varð kunnugt um ákvörðun útvarpsréttarnefndar. Í úrskurðarnefnd útvarpsmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af menntamálaráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Nefndinni er heimilt að kveðja til sérfræðinga. Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnarsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar. Ákvörðun útvarpsréttarnefndar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en niðurstaða úrskurðarnefndar útvarpsmála liggur fyrir. Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.“

Vegna breytinga á 6. mgr. frumvarpsins þarf að breyta þeirri 7. til samræmis. Á eftir orðinu útvarpsréttarnefndar komi „og úrskurðarnefndar útvarpsmála“.

2.2. Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins

2.2.1. Athugasemdir við 4. gr. a.

Í 4. gr. a. eru talin upp almenn skilyrði fyrir því að útvarpsleyfi sé veitt. Samkvæmt orðalagi greinarinnar þurfa öll skilyrðin að vera uppfyllt svo útvarpsleyfi sé veitt. Síminn leggur til að b. liður 4. mgr. 4. gr. a. frumvarpsins verði felldur út úr frumvarpstextanum. Rökin þar að baki eru augljós. Tíðnir eru ekki lengur nauðsynlegar til útvarpssendinga þar sem t.d. hægt er að útvarpa efni með IP tækni eins og gert er um ADSL net Símans. Tækniþróun í útvarpssendingum er líka einna mest í fjarskiptanetum sem lögð eru í jörðu.

Samkvæmt b. lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga, sem heldur gildi sínu verði frumvarpið að lögum, mun útvarpsstöðvum því verða gert óheimilt að taka til starfa ef þær fá ekki úthlutað tíðnum eða velja að senda ekki út efni sitt með þeim hætti. Ákvæðið er því úrelt sökum tæknipróunar og heftir möguleika þeirra sem ekki fá úthlutað tíðnum til útvarpssendinga.

2.3. Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Í 6. gr. frumvarpsins koma fram veigamikil nýmæli um flutning útvarpsefnis.

Í 6. gr. a. og b. frumvarpsins eru ákvæði um flutningssskyldu fjarskiptafyrirtækis á útvarpsefni að ósk útvarpsstöðvar annars vegar og flutningsrétt fjarskiptafyrirtækis á útvarpsefni að þess ósk hins vegar. Í greinum 6. c. – e. er síðan fjallað um málsmeðferð, mælingar og uppgjörsglur og gjaldskrá, náist ekki að semja um flutning með frjálsum samningum innan 30 daga frá því óskað er eftir flutningi á útvarpsefni.

Með frumvarpinu er vegið að einni helstu grundvallarreglu sem gildir í viðskiptum þar sem samningsfrelsið er í raun afnumið. Ef fjarskiptafyrirtæki og útvarpsstöð ná ekki samningum um flutning á útvarpsefni innan 30 daga frá því óskað er eftir flutningi getur útvarpsréttarnefnd kveðið á um flutning með þeim skilmálum sem um getur í grein 6. d. og f. Ekki verður farið í smáatriðum út í að rekja tilvitnuð ákvæði. Þó er ljóst að verði þau að lögum munu eiginlegar samningaviðræður aldrei eiga sér stað því sá aðilinn sem sér hag sinn í því að fara eftir gjaldskrá frumvarpsins mun koma í veg fyrir að samningar takist. Þá er ljóst að lögfesting reiknilíkans á markaði sem þróast eins hratt og raun ber vitni gengur tæplega. Verðlagning flutningsins verður því að vera mun sveigjanlegri og nær því sem lagt er upp með í fjarskiptalögum, þ.e. tilkostnaði við fjárfestinguna að viðbættri hæfilegri álagningu. Síminn leggst því gegn staflíðum c. – e. í 6. gr. frumvarpsins á þeim forsendum að gefa verður lengri tíma til samningaumleitana auk þess sem afleggja verður tillögu um reiknilíkan frumvarpsins.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að reynslan sýnir að fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki eru fær um að ná samningum án atbeina opinberra eftirlitsstofnana. Á síðasta ári sömdu 365 ljósvakamiðlar hf., Vodafone, Síminn hf. og Skjárinn miðlar ehf. um flutning á útvarpsefni Skjásins á Digital Ísland sjónvarpsdreifikerfinu og flutning á efni 365 ljósvakamiðla á sjónvarpsdreifikerfi Símans um ADSL netið. Þetta fordæmi sýnir að íhlutun í frjálssa samninga aðila á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði er óþörf, eða í það minnsta að hún á ekki að koma til fyrr en samningaleiðin er fullreynd.

Síminn telur frumvarpið ekki taka mið af samruna fjarskipta, fjölmiðla og upplýsingatækni sem átt hefur sér stað í heiminum undanfarin ár. Löggjöf ESB sem tekin hefur verið upp í landsrétt tekur í auknu mæli mið af þessari þróun. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir því að í stað þess að sérfræðipækning og heildaryfirsýn sé færð á færri hendur er farin sú leið að fjölga stjórnvöldum og auka þar með flækjustigið í leiðinni. Síminn gerir athugasemd við þetta og telur rétt að eftirlit með fjarskiptastarfsemi heyri undir Póst- og fjarskiptastofnun en verði ekki færð að hluta til undir útvarpsréttarnefnd eins og lagt er til í frumvarpinu.

Flutningur útvarpsefnis um fjarskiptanet telst til fjarskiptastarfsemi og fellur undir gildissvið fjarskiptalaga nr. 81/2003. Til að framfylgja fjarskiptalögum hefur Póst- og fjarskiptastofnun verið komið á fót, sbr. lög um stofnunina nr. 69/2003. Fjarskiptalöggjöf á Íslandi er að mestu byggð á tilskipunum ESB um fjarskiptamál

sem innleidd hafa verið í landsrétt á grundvelli EES-samningsins. Eitt af megin markmiðum fjarskiptalöggjafarinnar er aðgangur að fjarskiptanetum og samtenging fjarskiptaneta. Víða í fjarskiptalögum er að finna ákvæði í þessa veru. Nægir þar að nefna 28. gr. sem kveður á um aðgang að fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild. Væri hægur vandi að breyta því ákvæði þannig að það næði til allra fjarskiptaneta sem eru fær um að flytja útvarpsefni. Auk þess sem að framan greinir liggur sérfræðipekking í fjarskiptamálum hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Samkeppniseftirlitið, áður Samkeppnisstofnun, hefur einnig látið sig flutning á útvarpsefni varða, sbr. m.a. ákvarðanir nr. 10/2005 og 12/2005 og bráðabirgðaákvörðun 1/2005. Með lögfestingu ákvæða 6. gr. frumvarpsins er þar með komið á fót þriðja stjórnvaldinu sem fjallar um aðgang og dreifingu útvarpsefnis á fjarskiptanetum. Slíkt getur varla talist ásættanlegt fyrir fyrirtæki á fjarskipta og fjölmiðlamarkaði. Verður því að líta svo á að útvíkkun á starfsemi útvarpsréttarnefndar með því að valdsvið hennar mun nú einnig ná til þess að kveða á um verð og aðra skilmála fyrir aðgang að fjarskiptanetum muni einungis draga enn frekar úr skilvirkni þeirra eftirlitsstofnana sem eru fyrir og auka á réttaróvissu.

Síminn leggur því til að ákvæðum um flutning útvarpsefnis verði breytt á þann veg að útvarpsréttarnefnd verði falið að mæla fyrir um skyldu til að flytja útvarpsefni sem eftirlitsaðili með útvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun verði hins vegar falið að kveða á um flutningsskilmála sem eftirlitsaðili með fjarskiptastarfsemi enda telst flutningur á útvarpsefni fjarskiptaþjónusta.

Með vísan til þess er lagt til að frumvarpinu verði breytt á þá leið að í stað hinna flóknu og ófyrirsjáanlegu ákvæða frumvarpsins í 6. gr. verði lögfrest eftirfarandi ákvæði í 6. gr. a. og b.

„6. gr.

a. (22. gr.)

Flutningsskylda.

Útvarpsstöð, sem óskar eftir því að fá aðgang að almennu stafrænu fjarskiptaneti sem hagnýta má til útvarpssendinga en hefur ekki náð samningum við fjarskiptafyrirtæki um það, getur krafist ákvörðunar útvarpsréttarnefndar um flutningsskyldu fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að flytja útsent efni útvarpsstöðvar þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. *Það efni sem óskað er eftir að verði flutt um fjarskiptanet er dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum að undanskildum dagskrám sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu.*

b. *Um er að ræða sjónvarpsdagskrá sem send er út á rauntíma með hefðbundnum stafrænum gæðum. Ekki er því skylda að flytja seinkaða útsendingu, dagskrá á háskerpustaðli, á breiðtjaldi eða öðrum stöðlum er krefjast meiri bandbreiddar.*

Um verðlagningu, tæknilega skilmála og önnur atriði vegna flutnings á útvarpsefni að ósk útvarpsstöðvar fer eftir fjarskiptalögum, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í framangreindum lögum.

b. (22. gr. a.)

Flutningsréttur.

Fjarskiptafyrirtæki, sem hefur yfir að ráða stafrænu fjarskiptaneti hér á landi og óskar eftir því að fá að flytja dagskrá útvarpsstöðvar á dreifikerfi sínu, en hefur ekki náð samningum við útvarpsstöð þess efnis, getur krafist úrskurðar útvarpsréttarnefndar um flutningsrétt fjarskiptafyrirtækisins á útsendu efni útvarpsstöðvarinnar.

Útvarpsréttarnefnd getur skyldað útvarpsstöð til að flytja útsent efni um fjarskiptanet fjarskiptafyrirtækis þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a. *Það efni sem óskað er eftir að flytja megi um fjarskiptanet er íslensk dagskrá sjónvarpsstöðvar sem hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum eða erlend sjónvarpsdagskrá sem íslensk útvarpsstöð hefur gert einkaréttarsamning um, eða útsending á ákveðnum viðburðum sem ekki fyllir heila dagskrá samkvæmt framansögðu, svo sem íþróttar- eða listviðburðir.*

b. *Ákvæði í samningum við rétthafa efnis, sem gerðir voru fyrir gildistöku þessa ákvæðis, standa því ekki í vegi að flytja megi efnið um fjarskiptanetið.*


Um verðlagningu, tæknilega skilmála og önnur atriði vegna flutnings á útvarpsefni að ósk fjarskiptafyrirtækis fer eftir fjarskiptalögum, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í framangreindum lögum.”

Það leiðir svo af eðli máls að með lögfestingu framangreindra ákvæða myndu greinar 6. c.-e. falla út úr frumvarpinu.

3. Ósk um fundarboð

Síminn óskar eftir því að félagið verði boðað á fund menntamálanefndar til að styðja frekar við þau sjónarmið sem rakin eru hér að framan og koma að nýjum gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Símans hf.,



Hallmundur Albertsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 133/692
komudagur 2.1.2007

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. des 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um eignarhald á fjölmiðlum.

Með bréfi frá ritara Menntamálanefndar Alþingis, sem dags. er þann 16. nóv. 2006, var óskað eftir umsögn Skjásins Miðla ehf hf. (Skjásins) um frumvarp um útvarpslög, prentrétt og samkeppnislög, 58. mál, eignarhald á fjölmiðlum. Með vísan til þess er umsögn þessi send nefndinni.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímasamfélagi. Ekki aðeins sem veita upplýsinga og fréttu heldur einnig sem affreyngarmiðlar. Rekstur fjölmiðla er á margan hátt flóknari en rekstur annarra fyrirtækja. Strangar kröfur eru gerðar til fjölmiðla hvað varðar hlutleysi og vönduð vinnubrögð, sérstaklega hvað varðar frétttaflutning. Fjölmiðlar eiga að veita aðhald og sinna eftirlitshlutverki. Það er ljóst að mjög mikilvægt er að samkeppni og fjölbreytni ríki á fjölmiðlamarkaði.

Erlendis hafa víða verið í gildi reglur sem tryggja eiga samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Það er í raun furðulegt að slíkar reglur hafi ekki fyrir löngu verið teknar upp hér á landi. Skjárinn getur tekið undir þá greiningu á íslenskum fjölmiðlamarkaði, sem fram kemur í greinargerð nefndar menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi. Það er einkum þrennt sem að mati Skjásins veldur því að ljósvakamiðlar á Íslandi búa við fákeppnisfyrirkomulag eða ástand sem hindrar eðlilega samkeppni. Í fyrsta lagi má nefna úthlutun tíðnisviða. Í öðru lagi má nefna afskipti markaðsráðandi aðila á neytendamarkaði af fjölmiðlarekstri og í þriðja lagi má nefna stöðu ríkissjónvarpsins (RUV).

Tíðnir og rásir

Útvarpstíðnir eru takmörkuð gæði. Samþjöppun sjónvarpsstöðva undir merkjum 365 hefur valdið því að fyrirtækið er nærri einrátt á einstökum sviðum útvarpstíðna. Sem dæmi má nefna að á örbylgjusviði ráða 365 miðlar yfir 16 af 21 mögulegum rásum. RÚV, Skjárinn og Omega ráða yfir 1 rás hvert. Samkeppnistaða stöðvanna hefur skekkst enn frekar með útgáfu heimilda til að hefja stafrænar útsendingar þar sem 365 ráða nú að lágmarki 80 rásum á meðan samkeppnisaðilar komast að hámarki í 5 rásir hver. Þessi staðreynd útilokar nánast alla eðlilega samkeppni ljósvakamiðla á Íslandi. Þessar úthlutanir á rásum eða tíðnisviðum hafa átt sér stað þrátt fyrir mótmæli og ábendingar annarra og þ. á m. forvera Skjásins, Íslenska sjónvarpsfélagsins. Vinsælustu tíðnisviðið, þ.e. VHF-rásir sem nást auðveldlega á hefðbundin sjónvarpsloftnet, eru þegar tepptar af RÚV og stöðvum 365 miðla.

Yfirburðastaða 365 miðla hefur því miður hindrað innleiðingu á sameiginlegu dreifikerfi fyrir stafrænu sjónvarpi. Slíkt sameiginlegt dreifikerfi hefði verið þjóðhagslega mjög hagkvæmt og ómetanlegt fyrir alla landsbyggðina auk þess sem slíkt sameiginlegt dreifikerfi hefði tryggt eðlilega samkeppni. Ólíklegt er að samstaða náist um sameiginlegt dreifikerfi í framtíðinni vegna yfirburðastöðu 365 og möguleika þeirra á samkeppnishindrandi aðgerðum.

Eignarhald markaðsráðandi aðila á neytendamarkaði á fjölmiðli.

Sennilega gæti það hvergi gerst annars staðar en á Íslandi að markaðsráðandi aðili á neytendamarkaði og sá langstærsti gæti keypt stærsta fjölmiðlafyrirtæki landsins. Slíkt eignarhald eða eignatengsl geta komið í veg fyrir eðlilega samkeppni og dregið úr tiltrú almennings á fjölmiðlum. Ljóst er að mikil hættu er á því að slík samsteypa eða samtvinnun hagsmuna leiði til óeðlilegrar “krosssölu” á miðlum og annarri vöru og þjónustu sem skekkir samkeppnisstöðu annarra og þá ekki aðeins annarra fjölmiðla heldur einnig annarra fyrirtækja sem starfa á neytendamarkaði. Dæmi um slíka sölu er t.d. ef “sala” á hilluplássi eða möguleiki á kynningu á tilteknum vörum í verslunum Baugs hf. og tengdra aðila er tengd saman við auglýsingasölu í miðlum 365. Í öðru lagi er ljóst að ekki er auðvelt hlutskipti fyrir markaðsráðandi fyrirtæki að tryggja hlutleysi fréttastofa sinna gagnvart eigin hagsmunum eins og dæmin sanna. Hér er um vandamál að ræða sem margar af nágrannaþjóðum okkar hafa fjallað um á undanförunum árum. Strax árið 1949 höfðu bresk yfirvöld áhyggjur af samþjöppun á dagblaðamarkaði og að slík samþjöppun gæti leitt til fákeppni sem kæmi í veg fyrir eðlilegan fréttáflutning. Í álitu fyrstu stjórnskipuðu nefndarinnar (Royal Commission) um fjölmiðla segir orðrétt: “The monopolist, by its selections of news and the manner in which it reports it, and by its commentary on public affairs, is in a position to determine what people shall read about the events and issues of the day, and to exert strong influence on their opinions. Even if this position is not consciously abused, a paper without competitors may fall below the standards of accuracy and efficiency which competition enforces”. Sennilega verður vandamálið sem við er að eiga ekki betur orðað.

Staða RUV.

Ríkissjónvarpið hefur í skjóli afnotagjalda óeðlilega stöðu gagnvart einkafyrirtækjunum og þá sérstaklega gagnvart frístöðvum sem byggja afkomu sína eingöngu á tekjum af auglýsingasölu. Í fyrsta lagi getur RÚV niðurgreitt aðkeypt sjónvarpsefni með afnotagjöldum. Í öðru lagi getur RUV í skjóli afnotagjalda veitt óeðlilega afslætti af auglýsingatímum. Ef frumvarp um Ríkisútvarpið ohf sem nú er fyrir Alþingi verður samþykkt í núverandi formi verður aðstöðumunur einkageirans og hins opinbera algerlega óásættanlegur.

Niðurstöður.

Í ljósi framangreinds þarf þrennt að gerast til þess að ljósvakamiðlar búi við eðlilegt samkeppnisumhverfi. Í fyrsta lagi þarf að endurúthluta útvarpstíðnum. Í öðru lagi þarf að setja skýrar leikreglur á markaðnum eins og framlagt frumvarp er vísir að og í þriðja lagi þarf að endurskoða löggjöf um RUV.

Endurúthluta þarf tíðnisviðum og sérstaklega þarf við slíka endurúthlutun að tryggja innleiðingu stafræns sjónvarps á jafnréttisgrundvelli. Smæð markaðarins veldur því að það er óhagstætt að reyna að reka fleiri en eitt dreifikerfi til framtíðar og því nauðsynlegt að jafna leikinn. Í millitíðinni eru virk samkeppni og opið aðgengi að dreifi- og lyklakerfum eina tryggingin fyrir jafnri aðstöðu markaðsaðila.

Sennilega eru einkum tvær leiðir færar ef löggjafinn vill setja leikreglur og þannig tryggja eðlilega þróun íslenskra fjölmiðla. Í fyrsta lagi er hægt að takmarka eignarhald einstakra aðila við ákveðna markaðshlutdeild fjölmiðla. Þannig sé t.d. útilokað að aðili sem á dagblað geti keypt annað dagblað ef sameiginlegt markaðshlutdeild beggja blaða fer yfir ákveðið hlutfall. Hins vegar er hægt að setja reglur sem tryggja að markaðsráðandi aðilar á einu sviði viðskipta eignist ekki hlut eða ráðandi hlut í einstökum fjölmiðlum og reyna að tryggja þannig samkeppni og hlutleysi eða óhlutdrægni fjölmiðla. Seinni leiðin hefur verið valin í því


frumvarpi um eignarhald á fjölmiðlum sem hér er til umfjöllunar. Ekki skal lagt mat á það hvort leiðin sé í eðli sínu markvissari. Hins vegar verður að telja með hliðsjón af smæð íslensks markaðar að fyrri leiðin sé nánast ófær.


Verði frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum að lögum verður að gera kröfu til þess að í kjölfarið endurskoði Alþingi lagafrumvarp um RÚV ohf. Liggur beinast við að Ríkissjónvarpið hverfi af auglýsingamarkaði eða að með ákveðnum hætti verði tryggt að skilið verði á milli þess sem kalla má lögbundið hlutverk RÚV og þess sem kalla má afþreyingarhluti RÚV þannig að ríkisstuðningur við stofnunina gangi einungis til þess að tryggja rekstur lögbundins hlutverks hennar en að RÚV verði gert að fjármagna afþreyingarefni með tekjum af auglýsingasölu eins og samkeppnisaðilar stofnunarinnar.

Að auki telur Skjárinn að frumvarpið sé ekki nægilega framsækið hvað varðar þá öru tækniþróun sem orðið hefur í dreifingarmálum og mun valda gerbreyttu neyslumynstri á myndefni í náinni framtíð.

Virðingarfyllst,

f.h. Skjásins Miðla ehf.


Magnús Ragnarsson
Framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/703
komudagur 5.1.2007

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. desember 2006
Tilvísun: UB 0612/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með slóðari breytingum, 58. mál.

Þar sem ofangreint frumvarp er nú til meðferðar hjá menntamálanefnd Alþingis vill umboðsmaður barna koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

Taka þarf til endurskoðunar 14. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 en hún fjallar um vernd barna gegn óheimilu efni.

Í athugasemdum með frumvarpi til útvarpslaga sagði að í því væri bætt við strangari skilyrðum en áður hafi verið í útvarpslögum til verndar börnum og væru þau í samræmi við 22. gr. í tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarpsrekstur. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi voru gerðar breytingar á 14. gr. þess. Í nefndaráli menntamálanefndar sagði að með þeim breytingum væri: „fylgt nákvæmar orðalagi tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB. Ákvæðið felur þannig í sér skýrari viðmið til verndar börnum“. Í breytingartillögu nefndarinnar var orðalag tilskipunarinnar hins vegar ekki tekið upp orðrétt. Þess í stað voru þrjár málsgreinar í 22. gr. tilskipunarinnar umorðaðar og steipt í tvær málsgreinar. Að mati umboðsmanns barna hafði það í för með sér að 14. gr. útvarpslaga stangast í raun á við 22. gr. tilskipunarinnar.

Í fyrsta lagi segir í 1. lið 22. gr. tilskipunarinnar að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpsútsendingar innihaldi ekkert dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólögráða barna, einkum og sér í lagi efni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi. Í þessu ákvæði felst fortakslaut bann við útsendingu slíks dagskrárefnis. 14. gr. útvarpslaga- eins og hún er nú orðuð- heimilar hins vegar útsendingu slíks efnis utan þess dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni enda sé



Það einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði sem útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

Í öðru lagi er í 2. lið 22. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að viðeigandi ráðstafanir aðildarríkja skuli einnig ná til annars dagskrárefnis sem hættu er á að skaði líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólögráða barna nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að ólögráða börn á því svæði, sem útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Í 14. grein útvarpslaga er ekki fjallað um annað efni sem ekki er talið við hæfi barna en það sem telst alvarlega skaðvænlegt. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í inngangi greindrar tilskipunar kemur fram (í 40. lið) að gert er ráð fyrir skýrri aðgreiningu milli dagskrárefnis sem er algerlega bannað og efnis sem leyfa má sýningar á að því tilskildu að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir.

Í 21. gr. reglugerðar um útvarpsstarfsemi nr. 50/2002 sem ráðherra setti, m.a. með heimild í 3. mgr. 14. gr. útvarpslaga, er fjallað um vernd barna. Það ákvæði er tekið orðrétt upp úr 14. gr. laganna fyrir utan að þar segir að efni það sem þar er lýst sé óheimilt að senda út fyrir kl 23. Að mati umboðsmanns barna staðfestir reglugerðarákvæðið þann skilning að 14. gr. útvarpslaga banni aðeins að hluta útsendingar þess efnis, sem samkvæmt 1. lið 22. gr. tilskipunarinnar á að vera með öllu óheimilt að senda út og takmarkar ekki með neinum hætti útsendingu annars efnis sem ekki er talið við hæfi barna.

Þegar litið er til framkvæmdar útvarpslaganna og þess hvernig sjónvarpsstöðvar hér á landi raða niður dagskrárefni má augljóst vera að börnum er ekki búin sú vernd gegn óheimilu efni sem tilskipun 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB kveður á um og augljóslega var ætlunin með frumvarpi til útvarpslaga þegar það var lagt fram.

Úr því þarf að bæta og hvetur umboðsmaður barna menntamálanefnd til þess við afgreiðslu þingmáls þessa.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Rafnar

Meðfylgjandi: Ljósrit af tilskipun 97/36/EB úr Stjórnartíðindum EB

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/36/EB

frá 30. júní 1997

um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sem sátta-nefndin samþykkti 16. apríl 1997,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun ráðsins 89/552/EBE ⁽⁴⁾ er skapaður lagarammi fyrir sjónvarpsrekstur á innri markaðinum.
- 2) Í 26. gr. tilskipunar 89/552/EBE segir að framkvæmdastjórnin skuli, ekki síðar en við lok fimmta árs eftir þann dag sem tilskipunin hefur verið samþykkt, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu tilskipunarinnar og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði sjónvarpsreksturs.
- 3) Beiting tilskipunar 89/552/EBE og skýrslan um beitingu hennar hafa sýnt að þörf er á að kveða nánar á um tilteknar skilgreiningar og þær skyldur sem eru lagðar á aðildarríkin samkvæmt tilskipuninni.
- 4) Framkvæmdastjórnin undirstrikar í orðsendingu sinni frá 19. júlí 1994, sem ber yfirskriftina „Evrópa á leið inn í upplýsingasamfélagið — aðgerðaáætlun“, mikilvægi þess að sett séu rammaákvæði um inntak hljóð-

og myndmiðla sem gætu átt þátt í að tryggja frjálsa þjónustustarfsemi á þessu sviði í bandalaginu enda yrði í þessum ákvæðum gert ráð fyrir þeim vaxtar-möguleikum á þessu sviði, sem ný tækni gefur kost á, samhliða því að tekið yrði tillit til sérstaks eðlis hljóð- og myndefnis, ekki síst í menningarlegu og félagslegu tilliti, hvernig svo sem útsendingu þess er háttáð.

- 5) Ráðið fagnaði þessari aðgerðaáætlun á fundi sínum 28. september 1994 og lagði áherslu á þörfina á að bæta samkeppnishæfni evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram grænbók um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu og hefur tekið að sér að leggja fram grænbók þar sem lögð verður áhersla á menningarlega þætti þessarar nýju þjónustustarfsemi.
- 7) Rammaákvæði um þjónustustarfsemi á sviði hljóð- og myndmiðlunar verða að samræmast grundvallarmarkmiði þessarar tilskipunar sem er að skapa lagaramma um frjálsa þjónustustarfsemi.
- 8) Afar mikilvægt er að aðildarríkin grípi til aðgerða í tengslum við þjónustustarfsemi á borð við sjónvarpsútsendingar til að koma í veg fyrir að brotið sé gegn grundvallarreglum sem verða að gilda um upplýsingar og til að hindra að upp komi alvarlegt misræmi að því er varðar frjálsa þjónustustarfsemi og samkeppni.
- 9) Ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogar, sem komu saman á fundi leiðtogaráðsins í Essen 9. og 10. desember 1994, fóru þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu um endurskoðun á tilskipun 89/552/EBE fyrir næsta fund þeirra.
- 10) Beiting tilskipunar 89/552/EBE hefur sýnt að þörf er á að skýra nánar merkingu hugtaksins lögsaga að því er varðar notkun þess á sviði hljóð- og myndmiðlunar. Með hliðsjón af réttarframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna ætti staðfestuviðmiðunin að vera aðalviðmiðunin þegar ákveða á lögsögu tiltekins aðildarríkis.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 185, 19. 7. 1995, bls. 4 og Stjttíð. EB nr. C 221, 30. 7. 1996, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 301, 13. 11. 1995, bls. 35.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. febrúar 1996 (Stjttíð. EB nr. C 65, 4. 3. 1996, bls. 113). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 18. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. C 264, 11. 9. 1996, bls. 52) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. nóvember 1996 (Stjttíð. EB nr. C 362, 2. 12. 1996, bls. 56). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. júní 1997 og ákvörðun ráðsins frá 19. júní 1997.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 298, 17. 10. 1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 11) Samkvæmt þeim viðmiðunum, sem dómstóllinn setti í dómi sínum frá 25. júlí 1991 í *Factortame*-málinu ⁽¹⁾, tekur hugtakið staðfesta til iðkunar eiginlegrar atvinnustarfsemi með fastri starfsstöð í ótilgreindan tíma.
- 12) Ákveða má staðfestu sjónvarpsfyrirtækis með því að notast við röð hlutlægra viðmiðana, svo sem staðsetningu aðalskrifstofu þjónustuveitandans, staðinn þar sem ákvarðanir um dagskrárstefnu eru að jafnaði teknar, staðinn þar sem fram fer ritstjórn og lokafrágangur dagskrárinna sem á að senda út til almennings og staðinn þar sem verulegur hluti starfsliðsins, sem þarf til að standa að sjónvarpsrekstrinum, er staðsettur.
- 13) Tilgangurinn með því að fastsetja röð hlutlægra viðmiðana er sá að hægt sé að ákveða með óyggjandi hætti að eitt og aðeins eitt aðildarríki hafi lögsögu yfir sjónvarpsrekanda í tengslum við þá þjónustustarfsemi sem þessi tilskipun tekur til; engu að síður er rétt, að teknu tilliti til réttarframkvæmdar dómstólsins og til að forðast tilvik þar sem viðkomandi fellur utan lögsögu, að nota staðfestuviðmiðunina, í skilningi 52. gr. o.áfr. í sáttmálanum um stofnun Evrópubandalagsins, sem úrslitaviðmiðun þegar ákveða á lögsögu aðildarríkis.
- 14) Samkvæmt viðtekinni réttarframkvæmd dómstólsins ⁽²⁾ viðheldur aðildarríki réttinum til að grípa til aðgerða gagnvart sjónvarpsfyrirtæki, sem er með staðfestu í öðru aðildarríki en beinir allri eða lungunum af starfsemi sinni að yfirráðasvæði fyrrnefnda aðildarríkisins, enda hafi staðfesta verið valin með það í huga að sniðganga löggjöf sem hefði gilt um fyrirtækið hefði það verið með staðfestu á yfirráðasvæði fyrrnefnda aðildarríkisins.
- 15) Í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið er kveðið á um að sambandið skuli virða grundvallarréttindi, sem tryggð eru með Evrópusamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem væru þau almennar meginreglur í lögum bandalagsins. Allar ráðstafanir, sem miða að því að takmarka móttöku og/eða hefta endurvarp sjónvarpsútsendinga og eru gerðar samkvæmt 2. gr. a í tilskipun 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, verða að vera í samræmi við þessar meginreglur.
- 16) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka beitingu ákvæða tilskipunar 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, í öllu bandalaginu til að varðveita frjálsa og sanngjarna samkeppni milli fyrirtækja í sama rekstri.
- 17) Þriðju aðilar, sem eiga beinan hlut að máli, þar á meðal ríkisborgarar annarra aðildarríkja, verða að geta staðið á rétti sínum, samkvæmt innlendum lögum, gagnvart lögbærum dómsyfirvöldum eða öðrum yfirvöldum aðildarríkisins sem hefur lögsögu yfir sjónvarpsfyrirtæki sem ekki fer að þeim innlendu ákvæðum er leiðir af beitingu tilskipunar 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
- 18) Afar brýnt er að aðildarríkin geti gripið til ráðstafana til að vernda upplýsingaréttinn og tryggja viðtækan aðgang almennings að sjónvarpsútsendingum frá viðburðum innan lands eða utan sem hafa verulega þýðingu fyrir þegjana, til að mynda Ólympíuleikunum, heimsbikarkeppninni í knattspyrnu og Evrópumeistararamótinu í knattspyrnu. Í þessu skyni er aðildarríkjunum heimilt að gera ráðstafanir, enda samrýmist þær lögum bandalagsins, sem miða að því að setja reglur um það hvernig sjónvarpsrekendur innan lögsögu þeirra geti neytt einkaréttar á útsendingum frá slíkum viðburðum.
- 19) Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir innan ramma bandalagsins til að forðast hugsanlega réttaróvissu og markaðsröskun og til að frjáls dreifing sjónvarpsþjónustu geti komið heim og saman við þörfina á að hindra að sniðganga megi innlendar ráðstafanir sem er ætlað að vernda réttmæta almenna hagsmuni.
- 20) Einkum er rétt að setja í þessari tilskipun ákvæði um hvernig sjónvarpsrekendur neyta einkaréttar, sem þeir kunna að hafa keypt á útsendingum frá viðburðum sem teljast hafa verulega þýðingu fyrir þegna í öðru aðildarríki en því sem hefur lögsögu yfir sjónvarpsrekendunum. Til þess að forðast spákaupmennsku með réttindi, sem gengur út á það að sniðganga innlendar ráðstafanir, er nauðsynlegt að þessi ákvæði gildi um samninga sem verða gerðir eftir birtingu þessarar tilskipunar og verða viðburði sem eiga sér stað eftir að hún kemur til framkvæmda. Þegar samningar, sem hafa verið gerðir fyrir birtingu tilskipunarinnar, eru endurnýjaðir ber að líta á þá sem nýja samninga.

⁽¹⁾ Mál C-221/89, *Queen v. Secretary of State for Transport, ex parte Factortame Ltd. and Others*, dómasafn EB 1991, I-3905, 20. mgr.

⁽²⁾ Sbr. einkum dómana í máli 33/74, *Van Binsbergen v. Bestuur van de Bedrijfsvereniging*, dómasafn EB 1974, 1299 og í máli C-23/93, *TV 10 SA v. Commissariaat voor de Media*, dómasafn EB 1994, I-4795.

- 21) Viðburðir, sem hafa verulega þýðingu fyrir þegnana þurfa, að því er þessa tilskipun varðar, að uppfylla ákveðnar viðmiðanir, með öðrum orðum að vera meiriháttar viðburðir sem almenningur í Evrópu-sambandinu eða í tilteknu aðildarríki, eða í veigamiklum hluta tiltekns aðildarríkis, hefur áhuga á og sem eru skipulagðir fyrirfram af skipuleggjanda viðburða sem hefur lagalega heimild til að selja réttindi er tengjast viðburðinum.
- 22) Í þessari tilskipun merkir „opin sjónvarpsdagskrá“ að sent er út á ríkisrás eða einkarekinni rás dagskráefni sem almenningur hefur aðgang að án þess að þurfa að greiða fyrir það umfram þær fjármögnunarleidir sem eru almennt viðteknar vegna útvarpsreksturs í hverju aðildarríki um sig (eins og afnotagjald og/eða grunnáskriftargjald að kapalkerfi).
- 23) Aðildarríkjunum er fíjálst að gera hverjar þær ráðstafanir sem þau telja réttar að því er varðar útsendingar sem koma frá þriðju löndum og uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, að því tilskildu að þær séu í samræmi við lög bandalagsins og alþjóðlegar skuldbindingar þess.
- 24) Til að ryðja úr vegi hindrunum sem stafa af mismun á löggjöf einstakra ríkja varðandi stuðning við evrópsk verk eru í tilskipun 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, ákvæði sem miða að því að samræma slíka löggjöf. Í ákvæðum af þessu tagi, sem almennt miða að því að afnema viðskiptahindr- anir, verða að vera ákvæði um samræmingu sam- keppnisskilyrða.
- 25) Enn fremur er þess krafist í 4. mgr. 128. gr. sáttmálans um stofnun Evrópubandalagsins að bandalagið taki tillit til menningarlegra þátta í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálans.
- 26) Í grænbókinni „Skipulagsmöguleikar til að efla evrópska dagskrárgerðariðnaðinn innan ramma stefnu Evrópusambandsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar“, sem framkvæmdastjórnin samþykkti 7. apríl 1994, eru meðal annars settar fram tillögur um ráðstafanir til að kynna evrópsk verk til að ýta undir þróun á þessu sviði. MEDIA II-áætluninni, sem miðar að því að stuðla að þjálfun, þróun og dreifingu á sviði hljóð- og myndmiðlunar, er einnig ætlað að styrkja framleiðslu á evrópskum verkum. Framkvæmdastjórnin hefur lagt til að framleiðsla evrópskra verka verði einnig efl- d með föstu fyrirkomulagi á vegum bandalagsins, svo sem ábyrgðarsjóði.
- 27) Hvetja ber sjónvarpsfyrirtæki, dagskrárgerðarmenn, framleiðendur, höfundar og aðra sérfræðinga til að koma fram með skýrari hugtök og aðferðir sem miða að því að gera evrópskar leiknar kvikmyndir með alþjóðlegan áhorfendahóp í huga.
- 28) Auk þeirra atriða, sem um getur hér að framan, er nauðsynlegt að skapa skilyrði er bæta samkeppnis- hæfni dagskrárgerðariðnaðarins. Í orðsendingunum um beitingu 4. og 5. gr. tilskipunar 89/552/EBE, sem framkvæmdastjórnin samþykkti 3. mars 1994 og 15. júlí 1996 samkvæmt 3. mgr. 4. gr. í þeirri tilskipun, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðstafanir til að kynna evrópsk verk geti stuðlað að slíkum umbótum en þær þurfi að taka tillit til þróunar á sviði sjónvarpsútsendinga.
- 29) Útsendingar á rásun, sem fara alfarið fram á öðrum tungumálum en þeim sem eru töluð í aðildarríkjunum, skulu ekki falla undir ákvæði 4. og 5. gr. Ef verulegur hluti af útsendingartíma rásarinnar fer fram á slíku tungumáli eða tungumálum skulu ákvæði 4. og 5. gr. heldur ekki gilda um þann hluta útsendingartímans.
- 30) Taka ber tillit til efnahagslegs veruleika þegar unnið er að því ná settu marki hvað varðar hlutfall evrópskra verka. Því er þörf á kerfi sem nær því marki í áföngum.
- 31) Nauðsynlegt er, með það í huga að efla framleiðslu á evrópskum verkum, að bandalagið styðji við bakið á óháðum framleiðendum, að teknu tilliti til bolmagns hvers aðildarríkis um sig á sviði hljóð- og myndmiðl- unar og þarfarinnar á að vernda þau tungumál Evrópu- sambandsins sem eru lítið útbreidd. Þegar aðildarríkin skilgreina hugtakið „óháður framleiðandi“ ber þeim að taka tilhlýðilegt tillit til ákveðinna viðmiðana eins og t.d. hver fer með eignarhald framleiðslufyrirtækisins, magns efnis sem er fengið sama sjónvarpsrekanda og hver er handhafi afleiddra réttinda.
- 32) Hvort takmarka ber tímalengd hverrar tegundar af sýningu kvikmyndaefnis í sjónvarpi er fyrst og fremst málefni sem leysa ber með samningum milli hlut- aðeigandi hagsmunaaðila eða fagmanna.
- 33) Auglýsingar um lyf handa mönnum eru háðar ákvæðum tilskipunar 92/28/EBE (1).

(1) Stjttíð. EB nr. L 113, 30. 4. 1992, bls. 13.

- 34) Ekki ber að reikna þann útsendingartíma, sem daglega er notaður í tilkynningar sjónvarpsrekanda í tengslum við eigið dagskrárefni eða stoðframleiðslu sem má rekja beint til þess eða í tilkynningar sem tengjast opinberri þjónustu eða hjálparbeiðnir líknarstofnana sem sendar eru út án endurgjalds, inn í þann útsendingartíma sem samanlagt er leyfilegt að nota til auglýsinga og fjarkaupa á hverjum degi eða á klukkustund.
- 35) Til að forðast róskun á samkeppni er þessi undanþága takmörkuð við tilkynningar um efni sem uppfyllir það tvíþætta skilyrði að vera bæði til stuðnings viðkomandi dagskrárefni og leiða beint af því. Hugtakið stoðframleiðsla vísar til framleiðslu sem er sérstaklega ætlað að gera áhorfendum kleift að njóta dagskrárinnar til fulls eða hafa gagnvirk áhrif á hana.
- 36) Í ljósi þess hvernig fjarkaup hafa þróast, en þau eru fjárhagslega mikilvæg starfsemi fyrir rekstraraðila í heild og raunveruleg söluleið fyrir vörur og þjónustu innan bandalagsins, er afar brýnt að breyta reglum um útsendingartíma og tryggja neytendavernd á háu stigi með því að koma á viðeigandi stöðlum um umgerð og innihald slíkra útsendinga.
- 37) Við eftirlit með framkvæmd viðeigandi ákvæða er mikilvægt að lögbær yfirvöld í einstökum löndum geti, að því er varðar rásir sem ekki eru helgaðar fjarkaupum einvörðungu, greint annars vegar á milli útsendingartíma sem er helgaður fjarkaupainnskotum, auglýsingainnskotum og annars konar auglýsingum og hins vegar útsendingartíma sem er helgaður fjarkaupaþáttum. Því er nauðsynlegt og nægjanlegt að hver þáttur sé einkenndur með sjónrænum og hljóðrænum hætti að minnsta kosti í upphafi og við lok þess.
- 38) Tilskipun 89/552/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, gildir um rásir sem eru alfarið helgaðar fjarkaupum eða kynningum í eigin þágu, án hefðbundinna dagskrárliða eins og fréttu, íspróttu, kvikmynda, heimildapátta og leikinna þátta, en þó eingöngu að því er varðar markmið þessara tilskipana og með fyrirvara um að slíkar rásir kunni að vera felldar undir gildissvið annarra bandalagsgeringa.
- 39) Nauðsynlegt er að gera það ljóst að kynningar í eigin þágu eru sérstök tegund auglýsinga þar sem sjónvarpsrekandi vekur athygli á eigin vörum, þjónustu, dagskrá eða rásum. Einkum ber að meðhöndla kynningarbúta sem dagskrárefni ef þeir eru útdrættir úr dagskrárefni.
- Kynningar í eigin þágu er nýtt og tiltölulega óþekkt fyrirbrigði og því er hætt við að endurskoða þurfi ákvæði þar að lútandi þegar þessi tilskipun verður endurskoðuð síðar.
- 40) Nauðsynlegt er að skýra reglurnar um verndun líkamlegs, andlegs og siðferðilegs þroska ólöggráða barna. Það að komið verði á skýrri aðgreiningu milli dagskrárefnis sem er algerlega bannað og efni sem leyfa má sýningar á, að því tilskildu að gerðar séu viðeigandi tæknilegar ráðstafanir, ætti að sefa áhyggjur vegna almannaheilla sem aðildarríkin og bandalagið hafa látið í ljós.
- 41) Í engu þeirra ákvæða þessarar tilskipunar, sem varða verndun ólöggráða barna og allsherjarreglu, er þess krafist að umræddum ráðstöfunum sé komið til framkvæmda með því að forskoða efni til sjónvarpsútsendingar.
- 42) Rannsókn, sem framkvæmdastjórnin skal láta fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, á hugsanlegum kostum og göllum þess að gerðar verði frekari ráðstafanir með það í huga að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að hafa eftirlit með því sjónvarpsefni sem ólöggráða börn kunna að horfa á, skal meðal annars taka til þess hversu æskilegt er að:
- krefjast þess að ný sjónvarpstæki hafi tæknibúnað sem geri foreldrum eða forráðamönnum kleift að loka fyrir tiltekið dagskrárefni,
 - taka upp ákveðin matskerfi,
 - hvetja til fjölskylduvænnar dagskrár, auk annarra ráðstafana sem miða að því að uppfræða fólk og gera það meðvitaðra,
 - taka tillit til reynslu sem hefur verið aflað á þessu sviði í Evrópu og víðar og viðhorfa hagsmunaaðila eins og sjónvarpsrekenda, framleiðenda, uppeldisfræðinga, fjölmiðlafræðinga og viðkomandi samtaka,
- í því augnamiði að leggja fram viðeigandi tillögur að löggjöf og öðrum ráðstöfunum, ef með þarf fyrir eindagann sem mælt er fyrir um í 26. gr.
- 43) Rétt er að breyta tilskipun 89/552/EBE þannig að einstaklingum og löggjörðum, sem meðal annars framleiða eða selja lyfjavörur og lyfjameðferð sem einungis er unnt að fá gegn lyfseðli, sé heimilt að kosta sjónvarpsdagskrá, að því tilskildu að slík kostun sniðgangi ekki bannið við auglýsingum á lyfjavörum og lyfjameðferð sem einungis er unnt að fá gegn lyfseðli.

44) Aðferðin, sem kemur fram í tilskipun 89/552/EBE og í þessari tilskipun, hefur verið tekin upp til að koma á nauðsynlegri grunnsamhæfingu sem nægir til að tryggja frjálsa útbreiðslu sjónvarpsútsendinga innan bandalagsins. Aðildarríkjunum er áfram frjálst að setja sjónvarpsrekendum innan lögsögu sinnar nákvæmari eða strangari reglur á þeim sviðum sem falla undir þessa tilskipun, þar á meðal reglur sem geta til að mynda varðað tungumálastefnu, verndun almannahagsmuna með tilliti til hlutverks sjónvarpsins við að veita upplýsingar og bjóða upp á fræðslu-, menningar- og skemmtiefni, nauðsyn þess að standa vörð um fjölbreytni í upplýsingaiðnaðinum og fjölmiðlunum og verndun samkeppni til að koma í veg fyrir misnotkun yfirburðastöðu og/eða að yfirburðastaða skapist eða hún styrkt með samruna, samningum, yfirtöku eða sambærilegu framtaki. Þessar reglur verða að samrýmast lögum bandalagsins.

45) Leitast má við að ná því markmiði að efla framleiðslu hljóð- og myndmiðlaefnis í Evrópu í aðildarríkjunum innan rekstrarramma sjónvarpsfyrirtækja í þeim, meðal annars með því að skilgreina sérstakt hlutverk tiltekinna sjónvarpsfyrirtækja á sviði almannahagsmuna, þar á meðal þá skyldu að leggja verulegt fé af mörkum til evrópskrar framleiðslu.

46) Í grein B í sáttmálanum um Evrópusambandið segir að eitt markmiða sambandsins skuli vera að viðhalda að fullu réttarreglum bandalagsins („acquis communautaire“).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 89/552/EBE er breytt sem hér segir:

1. í 1. gr.:

a) bætist eftirfarandi nýr b-liður við:

„b) „sjónvarpsrekandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem ber ritstjórnarábyrgð á samsetningu sjónvarpsdagskrár í skilningi a-liðar, sendir hana út eða lætur þriðju aðila senda hana út;“

b) verði fyrirverandi b-liður að c-lið, svohljóðandi:

„c) „sjónvarpsauglýsingar“: hvers konar tilkynningar sem sjónvarpað er gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi, eða sjónvarpað sem tilkynningar í eigin þágu, af opinberu fyrirtæki eða einka-fyrirtæki í tengslum við verslun, viðskipti, iðn eða atvinnugrein með það fyrir augum að vekja athygli á framboði á vörum eða þjónustu, þar með talið fasteignum eða réttindum og skyldum, gegn greiðslu;“

c) verði fyrirverandi c- og d-liðir að d- og e-lið;

d) bætist eftirfarandi liður við:

„f) „fjarkaup“: bein tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vörur og þjónustu, þar með talið fasteignir eða réttindi og skuldbindingar, gegn greiðslu.“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig skal sjá til þess að allar sjónvarpssendingar, sem sendar eru út af hálfu sjónvarpsrekenda sem heyra undir lögsögu þess, samræmist ákvæðum þeirra lagabálka sem gilda um sjónvarpsútsendingar, ætlaðar almenningi í því aðildarríki.

2. Að því er þessa tilskipun varðar teljast eftirfarandi sjónvarpsrekendur heyra undir lögsögu aðildarríkis:

— þeir sem hafa staðfestu í því aðildarríki í samræmi við 3. mgr.,

— þeir sem 4. mgr. gildir um.

3. Að því er þessa tilskipun varðar telst sjónvarpsrekandi hafa staðfestu í aðildarríki í eftirfarandi tilvikum:

a) hafi sjónvarpsrekandinn aðalskrifstofu sína í því aðildarríki og séu ritstjórnarákvarðanir um dagskrá teknar í því aðildarríki;

b) ef sjónvarpsrekandinn hefur aðalskrifstofu sína í einu aðildarríki en ritstjórnarákvarðanir um dagskrá eru teknar í öðru aðildarríki telst hann hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við sjónvarpsútsendingarnar, starfar. Ef verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við sjónvarpsútsendingarnar, starfar í báðum þessum

aðildarríkjum telst sjónvarpsrekandinn hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofa hans er. Ef verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við sjónvarpsútsendingarnar, starfar í hvorugu þessara aðildarríkja telst sjónvarpsrekandinn hafa staðfestu í því aðildarríki þar sem hann hóf útsendingar í samræmi við lagabálk þess aðildarríkis, að því tilskildu að hann haldi stöðugum og virkum efnahagslegum tengslum við það aðildarríki;

c) ef sjónvarpsrekandi hefur aðalskrifstofu sína í aðildarríki en ákvarðanir um dagskrá eru teknar í þriðja landi, eða öfugt, telst hann hafa staðfestu í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að verulegur hluti starfsliðsins, sem fæst við sjónvarpsútsendingarnar, starfi í því aðildarríki.

4. Sjónvarpsrekendur, sem ákvæði 3. mgr. gilda ekki um, teljast heyra undir lögsögu aðildarríkis í eftirfarandi tilvikum:

a) þeir nota tíðni sem það aðildarríki lætur í té;

b) enda þótt þeir noti ekki tíðni sem aðildarríki lætur í té nota þeir gervihnattaaðstöðu sem tilheyrir því aðildarríki;

c) enda þótt þeir noti hvorki tíðni, sem aðildarríki lætur í té, né gervihnattaaðstöðu sem tilheyrir aðildarríki nota þeir jarðstöð sem staðsett er í því aðildarríki.

5. Ef ekki reynist unnt að skera úr um það í samræmi við 3. og 4. mgr. hvaða aðildarríki hefur lögsögu skal það aðildarríki teljast lögbært þar sem sjónvarpsrekandinn hefur staðfestu í skilningi 52. gr. o.áfr. í stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

6. Þessi tilskipun skal ekki gilda um sjónvarpsútsendingar sem ætlaðar eru eingöngu til viðtöku í þriðju löndum og almenningur nær hvorki beint né óbeint í einu aðildarríki eða fleirum.“

3. Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

1. Aðildarríkin skulu tryggja frelsi til viðtöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum aðildarríkjum og ekki

setja hömlur á endurútsendingar þeirra innan yfirráðasvæðis síns af ástæðum er falla undir þau svið sem eru samræmd með þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin geta tímabundið fengið undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) sjónvarpsútsending sem kemur frá öðru aðildarríki brýtur augljóslega, verulega og alvarlega gegn 1. eða 2. mgr. 22. gr. og/eða 22. gr. a;

b) á síðastliðnum tólf mánuðum hefur sjónvarpsrekandi brotið gegn ákvæðum, sem um getur í a-lið, að minnsta kosti tvívegis áður;

c) hlutaðeigandi aðildarríki hefur tilkynnt sjónvarpsrekanda og framkvæmdastjórninni skriflega um meint brot og um þær ráðstafanir sem það hyggst gera verði um endurtekningu á broti að ræða;

d) samráð við útsendingarríkið og við framkvæmdastjórnina hefur ekki leitt til friðsamlegrar lausnar innan 15 daga frá tilkynningunni sem kveðið er á um í c-lið og framhald er á meintu broti.

Framkvæmdastjórnin skal, innan tveggja mánaða frá því að henni er tilkynnt um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í aðildarríkinu, taka ákvörðun um það hvort ráðstafanirnar eru í samræmi við lög bandalagsins. Ef hún kemst að því að svo er ekki verður þess krafist að aðildarríkið láti af þeim hið bráðasta.

3. Ákvæði 2. mgr. hamlar ekki beitingu neinna aðferða, úrræða eða refsiaðgerða gegn þeim brotum, er hér um ræðir, í aðildarríkinu sem hefur lögsögu yfir hlutaðeigandi sjónvarpsrekanda.“

4. Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Aðildarríkjunum skal eftir sem áður heimilt að krefjast þess að sjónvarpsrekendur, sem heyra undir þeirra lögsögu, fari að nákvæmari eða strangari reglum á þeim sviðum er þessi tilskipun tekur til.

2. Aðildarríkin skulu með viðeigandi hætti sjá til þess, innan ramma löggjafar sinnar, að sjónvarpsrekendur, sem heyra undir þeirra lögsögu, fari í reynd að ákvæðum þessarar tilskipunar.

3. Ráðstafanirnar skulu fela í sér viðeigandi málsmeðferð þar sem þriðju aðilar, sem eiga beinan hlut að máli, þar á meðal ríkisborgarar annarra aðildarríkja, geta snúið sér til lögbærra dómseyfirvalda eða annarra yfirvalda til að fara fram á að farið verði að ákvæðum tilskipunarinnar í reynd í samræmi við ákvæði landslaga.

3. gr. a

1. Hvert aðildarríki um sig getur gert ráðstafanir í samræmi við lög bandalagsins til að tryggja að sjónvarpsrekendur, sem heyra undir lögsögu þess, sendi ekki út í lokaðri dagskrá frá viðburðum sem það aðildarríki telur hafa verulega þýðingu fyrir þegnana og komi þannig í veg fyrir að verulegur hluti almennings í því aðildarríki hafi möguleika á að fylgjast með slíkum viðburðum í beinni útsendingu, eða seinkaðri útsendingu, í opinni sjónvarpsdagskrá. Fari aðildarríkið þessa leið skal það útbúa skrá yfir valda viðburði, innlenda jafnt sem erlenda, sem það telur að hafi verulega þýðingu fyrir þegnana. Þetta skal gert með skýrum og gagnsæjum hætti og með góðum fyrirvara. Við gerð skrárinnar skal aðildarríkið jafnframt ákveða hvort þessir viðburðir skuli sýndir að öllu leyti eða að hluta í beinni útsendingu eða, ef með þarf og almennir hagsmunir eru í húfi, að öllu leyti eða að hluta í seinkaðri útsendingu.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um hverjar þær ráðstafanir sem þau hafa gert eða hyggjast gera samkvæmt 1. mgr. Innan þriggja mánaða frá slíkri tilkynningu skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að ráðstafanirnar samræmist lögum bandalagsins og tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær. Hún skal leita álits nefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt 23. gr. a. Hún skal tafarlaust birta upplýsingar um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og birta heildarlista yfir þær ráðstafanir, sem aðildarríkin hafa gert, eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess, á viðeigandi hátt og innan ramma eigin löggjafar, að sjónvarpsrekendur, sem heyra undir þeirra lögsögu, neyti ekki einkaréttar sem þessir sjónvarpsrekendur hafa keypt eftir birtingardag þessarar tilskipunar þannig að það leiði til þess að verulegum hluta almennings í öðru aðildarríki sé ekki gefinn kostur á að fylgjast með viðburðum, sem umrætt aðildarríki hefur valið í samræmi við fyrri málsgreinar, í beinni útsendingu að öllu leyti eða að hluta eða, ef með þarf og almennir hagsmunir eru í húfi, seinkaðri útsendingu að öllu leyti eða að hluta í opinni sjónvarpsdagskrá eins og umrætt aðildarríki ákveður í samræmi við 1. mgr.“

5. Í 1. mgr. 4. gr. komi orðin „textavarsþjónustu og fjarkaupa“ í stað orðsins „textavarsþjónustu“.

6. Í 5. gr. komi orðin „textavarsþjónustu og fjarkaupa“ í stað orðsins „textavarsþjónustu“.

7. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) verk sem eru upprunnin í aðildarríkjunum;“;

b) í 1. mgr. bætist eftirfarandi undirliður við:

„Beiting ákvæða b- og c-liðar skal vera háð því að í viðkomandi þriðju löndum séu ekki gerðar ráðstafanir sem fela í sér mismunun gagnvart verkum sem eru upprunnin í aðildarríkjunum;“;

c) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þau verk, sem um getur í c-lið 1. mgr., eru verk sem framleiðendur með staðfestu í einu eða fleiri löndum í Evrópu, sem standa utan bandalagsins en bandalagið hefur gert samninga við á sviði hljóð- og myndmiðlunar, hafa unnið einir eða í samvinnu við framleiðendur með staðfestu í einu eða fleiri aðildarríki að því tilskildu að þessi verk séu aðallega unnin með höfundum og samverkamönnum sem eru búsettir í einu eða fleiri Evrópuríkjum.“;

d) ákvæði 4. mgr. verði að 5. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Verk, sem eru ekki evrópsk verk í skilningi 1. mgr. en eru framleidd innan ramma tvíhliða samninga milli aðildarríkja og þriðju landa um sameiginleg framleiðsluverkefni, skulu teljast evrópsk verk að því tilskildu að meðframleiðendur innan bandalagsins standi undir meirihluta heildarframleiðslukostnaðar og að framleiðsluverkefninu sé ekki stjórnað af einum eða fleiri framleiðendum með staðfestu utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.“;

e) í hinni nýju 5. mgr. komi „1. og 4. mgr.“ í stað „1. mgr.“

8. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sjónvarpsrekendur, sem heyra undir lögsögu þeirra, sendi ekki út kvikmyndaverk utan tímabila sem um hefur verið samið við réttihafa.“

9. Ákvæði 8. gr. falli niður.

10. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Þessi kafli tekur ekki til sjónvarpsútsendinga sem eru ætlaðar staðbundnum áhorfendahópi og eru ekki hluti af sjónvarpskerfi sem nær um allt land.“

11. Í stað fyrirsagnar IV. kafla komi eftirfarandi:

„Sjónvarpsauglýsingar, kostun og fjarkaup“.

12. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Sjóvarpsauglýsingar og fjarkaupainnskot skulu vera auðþekkjanleg sem slík og vera algerlega aðskilin frá öðrum dagskrárliðum með sjónrænum og/eða hljóðrænum hætti.

2. Einstök auglýsinga- og fjarkaupainnskot skulu vera undantekning.

3. Við auglýsingar og fjarkaupainnskot má ekki beita tækni sem hefur áhrif neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

4. Duldar auglýsingar og dulin fjarkaupainnskot eru bönnuð.“

13. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

1. Auglýsingum og fjarkaupainnskotum skal komið fyrir á milli dagskrárliða. Að uppfylltum skilyrðum 2. til 5. mgr. þessarar greinar er einnig heimilt að skjóta auglýsingum og fjarkaupainnskotum inn í dagskrárliði enda sé þess gætt að slíkt hafi ekki áhrif á framvindu þeirra og gildi, að teknu tilliti til eðlilegra hléa og til lengdar og eðlis dagskrárliðarins, né skerði rétt rétthafa.

2. Í dagskrárliðum, sem eru settir saman úr sjálfstæðum þáttum, eða í íþróttþáttum og svipuðum útsendingum með innbyggðum hléum skal auglýsingum og fjarkaupainnskotum aðeins komið fyrir á milli þátta eða í hléum.

3. Útsendingu mynd- og hljóðmiðlaverka á borð við leiknar kvikmyndir í fullri lengd og myndir gerðar fyrir sjónvarp (að undanteknum þáttaröðum, framhaldsþáttum, léttum skemmtidagskrám og heimildamyndum), sem eru lengri en 45 mínútur, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímasteið. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef útsendingartími er meira en 20 mínútnum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímasteið.

4. Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í 2. mgr., eru rofnir með auglýsinga- eða fjarkaupainnskotum skulu líða að minnsta kosti 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárliði.

5. Ekki má birta auglýsingar eða fjarkaupainnskot í útsendingu á guðspjónustu. Ekki skal heldur rjúfa með auglýsingum eða fjarkaupainnskotum fréttir eða fréttatengda dagskrá, heimildamyndir, trúarlega dagskrárliði né barnaefni ef slíkir dagskrárliðir eru styttri en

30 mínútur. Ef áætlaður útsendingartími þeirra er 30 mínútur eða lengri skulu ákvæði fyrri málsgreina gilda.“

14. Í 12. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„Sjóvarpsauglýsingar og fjarkaupainnskot skulu ekki.“

15. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Hvers kyns sjónvarpsauglýsingar og fjarkaup er varða vindlinga og aðrar tóbaksvörur skulu bönnuð.“

16. Í 14. gr. verði núverandi texti að 1. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Fjarkaup með lyfjavörur, sem eru háðar markaðsleyfi í skilningi tilskipunar ráðsins 65/65/EBE frá 26. janúar 1965 um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf (°), svo og fjarkaup til lyfjameðferðar, skulu bönnuð.

(°) Stjtið. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 22).“

17. Í 15. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„Sjóvarpsauglýsingar og fjarkaup er varða áfengi skulu háðar eftirfarandi viðmiðunarreglum.“

18. Í 16. gr. verði núverandi texti að 1. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Fjarkaup skulu vera í samræmi við kröfur 1. mgr. og að auki skulu ólögráða börn ekki hvött til að gera kaup- eða leigusamninga um vörur eða þjónustu.“

19. Ákvæðum 17. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Sjóvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af fyrirtækjum ef meginumsvif þeirra felast í því að framleiða eða selja vindlinga og aðrar tóbaksvörur.“;

b) ákvæði 3. mgr. verði að 4. mgr. og eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Þegar fyrirtæki, sem meðal annars fást við að framleiða eða selja lyfjavörur og lyfjameðferð, kosta sjónvarpsdagskrá er þeim heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækisins en ekki einstakar lyfjavörur eða lyfjameðferðir sem einungis er unnt að fá gegn lyfseðli í aðildarríkinu sem hefur lögsögu yfir sjónvarpsrekandanum sem um ræðir.“

20. Í stað 18. gr. komi eftirfarandi:

„18. gr.

1. Hlutfall útsendingartíma, sem helgað er fjarkaupa- og auglýsingainnskotum og öðrum gerðum auglýsinga, að undanskildum fjarkaupaþáttum í skilningi 18. gr. a, má ekki fara yfir 20% daglegs útsendingartíma. Útsendingartími auglýsingainnskota má ekki fara yfir 15% af daglegum útsendingartíma.

2. Hlutfall auglýsinga- og fjarkaupainnskota á tiltekinni klukkustund má ekki fara yfir 20%.

3. Að því er þessa grein varðar telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

— tilkynningar frá sjónvarpsrekanda í tengslum við hans eigin dagskrárefni og stoðframléiðslu sem leiðir beint af því efni,

— tilkynningar sem varða opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknarstofnana sem sendar eru út endurgjaldslaut.“

21. Eftirfarandi grein bætist við:

„18. gr. a

1. Fjarkaupaþættir, sendir út á rásum sem eru ekki helgaðar fjarkaupum eingöngu, skulu standa yfir í minnst 15 mínútur órofið.

2. Hámarksfjöldi slíkra þátta á dag skal vera átta. Heildarlengd þeirra skal ekki vera meiri en þrjár klukkustundir á dag. Þeir skulu vera skýrt auðkenndir sem fjarkaupaþættir með sjónrænum og hljóðrænum hætti.“

22. Í stað 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.

Ákvæði I., II., IV., V., VI., VI. a og VII. kafla skulu gilda að breyttu breytanda um rásir sem eingöngu eru helgaðar fjarkaupum. Auglýsingar skulu leyfðar á slíkum rásum innan þeirra daglegu marka sem kveðið er á um í 1. mgr. 18. gr. Ákvæði 2. mgr. 18. gr. skulu ekki gilda.“

23. Eftirfarandi grein bætist við:

„19. gr. a

Ákvæði I., II., IV., V., VI., VI. a og VII. kafla skulu gilda að breyttu breytanda um rásir sem eingöngu eru helgaðar kynningum í eigin þágu. Aðrar gerðir auglýsinga skulu leyfðar á slíkum rásum innan þeirra marka sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 18. gr. Einkum þetta ákvæði skal háð endurskoðun í samræmi við 26. gr.“

24. Í stað 20. gr. komi eftirfarandi:

„20. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 3. gr. geta aðildarríkin, að teknu tilhlýðilegu tilliti til laga bandalagsins, mælt fyrir um önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um í 2. til 5. mgr. 11. gr. og í 18. gr. og 18. gr. a varðandi útsendingar sem einungis eru ætlaðar innlenda yfirráðasvæðinu og almenningur getur ekki tekið á móti, hvorki beint né óbeint, í einu eða fleiri öðrum aðildarríkjum.“

25. Ákvæði 21. gr. falli niður.

26. Í stað yfirskriftar V. kafla komi eftirfarandi:

„Verndun ólöggráða barna og allsherjarregla“.

27. Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að sjónvarpsútsendingar sjónvarpsrekenda, sem heyra undir lögsögu þeirra, innihaldi ekkert dagskrárefni sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólöggráða barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi.

2. Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu einnig ná til annars dagskrárefnis sem hætta er á að skaði líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólöggráða barna nema þegar tryggt er, með vali á útsendingartíma eða með einhverjum tæknilegum ráðstöfunum, að ólöggráða börn á því svæði, sem útsendingin nær til, muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

3. Enn fremur skulu aðildarríkin sjá til þess, þegar slíkt dagskrárefni er sent út ólæst, að á undan því fari hljóðræn viðvörðun eða að það sé auðkennt með sjónrænu merki allan tímann sem útsending stendur yfir.“

28. Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Aðildarríkin skulu sjá til þess að útsendingar kyndi ekki undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis.“

29. Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja sérstaka áherslu á beitingu ákvæða þessa kafla í skýrslunni sem kveðið er á um í 26. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, innan árs frá birtingardegi þessarar tilskipunar, í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum, láta fara fram athugun á

hugsanlegum kostum og göllum þess að gerðar verði frekari ráðstafanir með það í huga að auðvelda foreldrum og forráðamönnum að hafa eftirlit með því sjónvarpsefni sem ólöggráða börn kunna að horfa á. Athugunin skal meðal annars taka til þess hversu æskilegt er að:

- krefjast þess að ný sjónvarpstæki hafi tæknibúnað sem geri foreldrum eða forráðamönnum kleift að loka fyrir tiltekið dagskrárefni,
- taka upp ákveðin matskerfi,
- hvetja til fjölskylduvænnar dagskrár, auk annarra ráðstafana sem miða að því að uppfærða fólk og gera það meðvitaðra,
- taka tillit til reynslu sem hefur verið aflað á þessu sviði í Evrópu og víðar og viðhorfa hagsmunaaðila, eins og sjónvarpsrekenda, framleiðenda, uppeldisfræðinga, fjölmiðlafræðinga og viðkomandi samtaka.“

30. Í stað 1. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hver einstaklingur eða lögpersóna skal hafa rétt til andsvara eða jafngilda úrræða, án tillits til þjóðernis, hafi lögmætir hagsmunir hans, einkum orðspor og mannorð beðið hnekki af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í sjónvarpsdagskrá, samanber þó önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjunum samkvæmt einkamálarétti, stjórnskipunar- eða hegningarlögum. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hindrað með ósanngjörnum reglum eða skilyrðum að aðilar neyti í raun réttarins til andsvara eða jafngilda úrræða. Andsvörin skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök eru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu sem beiðnin tekur til.“

31. Eftirfarandi nýr VI. kafli a bætist við á eftir 23. gr.:

„VI. KAFLI a

Tengslanefnd

23. gr. a

1. Tengslanefnd skal komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Hún skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal gegna formennsku í nefndinni og hún skal koma saman annaðhvort að frumkvæði hans eða að beiðni sendinefndar aðildarríkis.

2. Verkefni þessarar nefndar skulu vera að:

- a) auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar í raun með reglulegu samráði um vandamál sem lúta að

beitingu hennar, einkum með tilliti til beitingar 2. gr., svo og um önnur málefni sem álitid er gagnlegt að höfð séu skoðanaskipti um;

- b) skila að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar álitid um beitingu aðildarríkjanna á ákvæðum þessarar tilskipunar;
- c) vera vettvangur skoðanaskipta um það hvaða mál beri að taka fyrir í skýrslum þeim sem aðildarríkjunum ber að skila samkvæmt 3. mgr. 4. gr., um aðferðafræði við skýrslugerðina, um skipunarbréf vegna óháðu rannsóknarinnar sem um getur í 25. gr. a, um mat á tilboðum í framkvæmd hennar og um rannsóknina sjálfa;
- d) ræða niðurstöður reglulegs samráðs framkvæmdastjórnarinnar við fulltrúa sjónvarpsfyrirtækja, framleiðenda, neytenda, framleiðenda búnaðar, þjónustuveitenda og verkafélaga auk hinna skapandi stétta;
- e) auðvelda upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um stöðu og þróun eftirlits með sjónvarpsútsendingum, með tilliti til stefnu bandalagsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar, svo og til þeirra tæknínýjunga sem máli skipta;
- f) vera vakandi yfir hverri þeirri þróun á þessu sviði sem gagnlegt virðist að eiga skoðanaskipti um.“

32. Eftirfarandi grein bætist við:

„25. gr. a

Frekari endurskoðun, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr., skal fara fram fyrir 30. júní 2002. Í henni skal tekið tillit til óháðrar athugunar á áhrifum fyrirhugaðra ráðstafana bæði á vettvangi bandalagsins og einstakra aðildarríkja.“

33. Í stað 26. gr. komi eftirfarandi:

„26. gr.

Eigi síðar en 31. desember 2000, og á tveggja ára fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og, ef nauðsyn ber til, gera frekari tillögur um aðlögun hennar að þróun mála á sviði sjónvarpsreksturs, einkum með tilliti til nýlegra tækniframfara.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 30. júní 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. NUIS

forseti.


Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2006

Útvarpsréttarnefnd vísar til bréfs menntamálanefndar Alþingis 16. nóvember 2006 þar sem útvarpsréttarnefnd er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Nefndin telur ekki efni til að hún taki afstöðu til frumvarpsins.

F.h. formanns útvarpsréttarnefndar
Benedikts Bogasonar



Rakel Björnsdóttir
starfsmaður nefndarinnar



Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
 ICELAND CHAMBER
 OF COMMERCE

Reykjavík, 25. janúar 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000. lögum um prentrétt nr. 57/1956 og samkeppnislögum nr. 44/2005 (58. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að breyta ýmsum lögum sem varða fjölmiðla. Viðskiptaráð hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og þá einkum eftirtalin atriði.

Takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðla

Í b. lið 4. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 1. mgr. 6. gr. a. útvarpslaga er mælt fyrir um að einstaklingur eða fyrirtæki og skyldir aðilar megi ekki eiga meira en 25% eignarhlut í útvarpsstöð ef nánari skilyrði eru uppfyllt. Sambærilegt ákvæði er varðandi dagblöð í a. lið 10. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða 1. mgr. 10. gr. a. prentréttarlaga.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpi þessu segir m.a. um þetta: „...samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur/almennung í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi...“ Þá segir einnig: „...er það nokkuð óumdeild sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til þess að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði.“

Ekki skal lagt mat á það hvort það sé áhyggjuefni, og þá hversu mikið, að samþjöppun eigi sér stað á fjölmiðlamarkaði. Það er hinsvegar skoðun Viðskiptaráðs Íslands að það sé ekki hlutverk ríkisins að losa almennung við þessar áhyggjur heldur sé hann fullfær um að axla slíkar áhyggjur sjálfur. Ef samþjöppun verður svo mikil á fjölmiðlamarkaði að áhyggjur vakna meðal neytenda er þeim í lófa lagið að snúa sér til annarra fjölmiðla. Þá skapast jafnframt aukið svigrúm fyrir minni fjölmiðla og nýja fjölmiðla á markaði.

Þá er ekki útskýrt í greinargerðinni hvernig samkeppnisreglur hafa brugðist í þessu efni. Engir dómar eða úrskurðir eru nefndir þar sem niðurstaðan var að samkeppnisreglur náðu ekki böndum á fjölmiðla. Það er sjálfsgöð krafa að það séu færð ítarleg rök fyrir því þegar stjórnvöld ákveða að setja svo íþyngjandi ákvæði um takmörkun á eignarhaldi á fyrirtækjum. Viðskiptaráð telur ósannað að almennar samkeppnisreglur dugi til að halda um fjölmiðlarekstur, eins og aðra atvinnustarfsemi.

Það „hlutverk í lýðræðisþjóðfélagi“ sem fjallað er um í greinargerðinni á væntanlega fyrst og fremst við um fréttamiðlun. Ákvæðið tekur hinsvegar ekki aðeins til



fréttamiðla heldur allra fjömiðla. Þótt talið verði að vegna „hlutverks fjömiðla í lýðræðisþjóðfélagi“ sé rétt að setja takmarkanir fyrir því að menn eigi of útbreidda fréttamiðla verður ekki séð að neitt þótt sé á að takmarka rétt manna til að eiga t.d. fjölda útvarpsstöðva sem senda þara frá um séstæðlist og auglýsingar en ekkert fréttæfni. Til samanburðar má nefna að í frumvarpinu er aðeins mælt fyrir um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa en ekki er gerð krafa til þess að annað dagskrárgerðarfólk sé ristjórnarlega sjálfstætt.

Viðskiptaráð leggur til að ekki verði settar takmarkanir á eignarhald að fjölmiðlum, til vara að slíkar takmarkanir verði einskorðaðar við fjölmiðla sem flytja fréttæfni.

Mæling áhorfs, hlustunar og lestrar

Í b. lið 4. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða 6. mgr. 6. gr. a. útvarpslaga segir að útvarpsréttarnefnd mæli áhorf og hlustun útvarpsstöðva og að nefndinni sé heimilt að gera samning við aðra stofnun eða einkaaðila um að annast slíkar mælingar. Sambærilegt ákvæði er um prentmiðla í a. lið 10. gr. sem er ætlað að verða 5. mgr. 10. gr. a. prentréttarlaga.

Einkaaðilar hafa um langt skeið staðið fyrir mælinum af þessum toga. Ef nefnd á vegum ríkisins ætlaði að hefja slíkar mælingar væri því verið að gera slíkt í samkeppni við þá einkaaðila sem fyrir eru í þessum geira. Mikil þekking hefur verið byggð upp hjá einkaaðilum í þessum geira. Þess vegna er mun eðlilegra að í lögunum verði útvarpsréttarnefnd gert skylt að gera samning við einkaaðila um slíkar mælingar.

Viðskiptaráð leggur til að mælingar á áhorfi, hlustun og lestrar verði í höndum einkaaðila.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa

Í b. lið 5. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 14. gr. b. útvarpslaga má finna ýmsar reglur sem er ætlað að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa. Sambærilegt ákvæði má finna í c. lið 10. gr. frumvarpsins sem er ætlað að verða að 10. gr. c. prentréttarlaga.

Það sama gildir um ritstjórnarlegt sjálfstæði og gildir um takmarkanir á eignarhaldi á fjölmiðlum: Það er ekki hlutverk ríkisins að hafa áhyggjur af ritstjórnarlegu sjálfstæði fréttastofa heldur er almenningur fullfær um að axla slíkar áhyggjur sjálfur. Ef almenningur telur að ritstjórnarlegt sjálfstæði tiltekinna fréttastofa sé ekki nægjanlega vel tryggt er þeim í lófa lagið að snúa sér til annarra fjölmiðla. Þá skapast jafnframt aukið svigrúm fyrir aðrar fréttastofur á markaði.

Viðskiptaráð leggur til að ekki verði bundið í lög ákvæði um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofa.

Í ljósi alls þess sem að ofan greinir leggur Viðskiptaráð til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Davíð Þorláksson
 Lögfræðingur Viðskiptaráðs